

**Kraftur þekkingar**  
Virkaður í útrás



**Fjárfesting Seed Forum**  
Viðskiptaengla leitað á Íslandi



**Heimskringlan**  
Franskt vor í viðskiptum



14



**STRAUMSVÍK** Greiningardeild Kaupþings segir að verði samþykkt að stækka álverið í Straumsvík megi gera ráð fyrir áframhaldandi verðbólgu og háum stýrivöxtum.

MARKAÐURINN/GVA

## Álverið hefur áhrif á krónu

Verði ekki af stækkun álversins í Straumsvík má reikna með lækkingun á gengi krónunnar og ávöxtunarkröfu á skuldabréfamarkaði. Verði hins vegar farið í stækkun álversins er hægt að gera ráð fyrir áframhaldandi verðbólgu, háum stýrivöxtum og viðvarandi viðskiptahalla á meðan á framkvæmdum stendur.

Þetta er álit greiningardeildar Kaupþings í aðdraganda atkvæðagreiðslu um stækkun álversins sem fram fer á laugardag.

Deildin bendir á að verði niðurstaðan sú að stækkun álversins í Straumsvík verði hafnað sé líklegt að sú orka sem áætluð er til álversins verði notuð í staðinn fyrir nýtt álver í Helgúvík. - jeb

## Olíuverð á uppleið

Heimsmarkaðsverð á hráolíu tók mikinn kipp eftir að Íranar handtók 15 breska sjóliða á Persaflóa á föstudag í síðustu viku. Vart var á bætandi því mikil spennan er á milli Vesturlanda og Írana vegna kjarnorkuáætlunar þeirra síðastnefndu. Olúfatíð fór um tíma yfir 64 dali á tunnu í Bandaríkjunum í fyrradag en slíkur verðmiði á svartagullinu hefur ekki sést það sem af er árs.

Greiningardeild Landsbankans segir olíuverðshækkunir hafa áhrif víða, ekki síst í flugbransanum. Bendir deildin á að hækkunirnar hafi valdið lækkingu á gengi flugfélaga á markaði. Félagin hafi á móti brugðist við hærri rekstrarkostnaði með hækkun á flugfargjöldum. - jeb

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Deilan leyst** | Sigurður Helgason, fyrrverandi forstjóri Flugleiða, er sestur í stjórn Finnair. Stjórnarsetan er hluti af samkomulagi FL Group, stjórnar Finnair og stærsta hluthafans, finnska ríkisins.

**Eimskip hagræðir** | Hf. Eimskipafélag Íslands undirbýr sölu fasteigna Atlas Cold Storage til erlendra og jafnvel íslenskra fjárfesta. Félagið hyggst leigja eignirnar til baka á sem hagstæðustum kjörum.

**Stóðust próf** | Íslensku viðskiptabankarnir og fjárfestingarbankinn Straumur-Burðarás stóðust allir reglubundið álagspróf Fjármálaeftirlitsins í síðustu viku.



**Hafnar orðrómi** | Innan við þrjú prósent af hagnaði Kaupþings í fyrra kemur af viðskiptabankastarfsemi hér á landi. Þetta sagði Sigurður Einarsson, stjórnarformaður bankans, á aðalfundi þar sem hann hafnaði okri bankanna.

**Úrelt gjöld** | Á aðalfundi Samtaka verslunar og þjónustu kom fram að lögð eru 20 til 25 prósent vörugjöld á raftæki, hreinlætistæki og byggingavörur. Mæla samtökin með því að gjaldtakan verði felld niður.

**Eykur við** | Atorka Group hefur eignast rúm fjórutíu prósent hlutfjár í InterBulk Investments, þriðja stærsta félagi heims í tankgámaflutningum fyrir efnaiðnaði. Fyrir átti Atorka 24 prósent.

**Mikill vöxtur** | Hagnaður MP Fjárfestingarbanka var ríflega tvöfalt meiri árið 2006 en árið áður. Alls hagnaðist bankinn um 1.316 milljónir króna samanborið við 613 milljónir árið 2005.

# Mikil fjölgun hluthafa í skráðum fyrirtækjum

Arðgreiðslur í formi hlutabréfa og skráning nýrra félaga olli fjölgun hluthafa um 74 þúsund á síðasta ári. Kaupþing og Exista voru fjölmennustu almenningshlutafélögin í árslok.

Eggert Þór Aðalsteinsson  
skrifar

Hluthöfum í íslenskum almenningshlutafélögum fjölgaði mikið á árinu 2006 samanborið við árið 2005. Um síðustu áramót áttu um 200 þúsund fjárfestar hlutabréf í fyrirtækjum í Kauphöll Íslands sem var fjölgun um 74 þúsund hluthafa frá ársbyrjun miðað við skráð fyrirtæki í árslok 2005. Hafa ber í huga að hér er ekki um að ræða 200 þúsund sjálfstæða aðila þar sem margir fjárfestar eiga hlutabréf í fleiri en einu fyrirtæki.

Fjölgunin skýrist af tveimur þáttum: nýjum félögum og arðgreiðslum í formi hlutabréfa.

Innan vébanda sex félaga voru yfir tuttugu þúsund hluthafar um síðustu áramót en þetta voru Kaupþing, Exista, Landsbankinn, Hf. Eimskipafélagið, Icelandic Group og Straumur-Burðarás. Kaupþing var fjölmennasta almenningshlutafélagið í árslok en 31.730 fjárfestar áttu þá hluti í félaginu. Exista kom skammt á eftir en hluthöfum fjölgaði úr tíu í 31.410 á árinu þegar félagið var skráð á markað eftir hlutfjárútbóð til almennra fjárfesta og fagfjárfesta. Þá hafði það ekki síður áhrif á Kaupþing greiddi út til hluthafa sinna aukaarð í formi eigin hlutabréfa í Existu.

Þá varð veruleg fjölgun hluthafa í Hf. Eimskipafélaginu og Icelandic Group þegar Straumur-Burðarás greiddi út hluta af eigin bréfum í félögum sem arð til hluthafa sinna. Hf. Eimskipafélagið,

### TÍU FJÖLMENNUSTU ALMENNINGS- HLUTAFÉLÖGIN Í ÁRSLOK

Félag	Hluthafar	Breyting milli ára
Kaupþing	31.730	-1.297
Exista	31.410	31.400
Landsbankinn	28.735	-940
Hf. Eimskipafélagið	23.559	23.539
Icelandic Group	21.122	20.877
Straumur-Burðarás	20.666	-1.366
Glitnir	11.323	1.071
Atorka	5.053	-150
FL Group	4.622	-402
Actavis	3.821	351

Heimild: Ársreikningar Kauphallarféлага

sem áður nefndist Avion Group, var skráð á markað í janúar að undangengnu útbóði til fagfjárfesta.

Icelandair Group var einnig skráð í Kauphöll í kjölfar útbóðs. Yfir 1.500 hluthafar áttu bréf í félaginu í lok árs en FL Group átti félagið að öllu leyti í upphafi ársins. Teymi fór enn fremur á markað þegar Dagsbrún var skipt upp í tvö skráð félög, annars vegar 365 hf. og hins vegar Teymi. Hluthafar í 365 fengu hlutabréf í Teymi.

Hluthöfum fækkaði á milli ára í stóru fjármála-fyrirtækjunum Kaupþingi, FL Group, Landsbankanum og Straumi en fjölgaði í Glitni.

## Stýrivextir líklega óbreyttir

Greiningardeildir bankanna gera ráð fyrir því að Seðlabanki Íslands haldi stýrivöxtum óbreyttum á vaxtaákvörðunardegi sínum á morgun, fimmtudag. Stýrivextir standa nú í 14,25 prósentum.

Landsbankinn og Kaupþing telja að lækunarferli stýrivaxta hefjist ekki fyrr en í júlí, en Glitnir telur að það gæti hafist strax í maí. Sérfræðingar segjast þó hafa orðið fyrir nokkrum vonbrigðum með þróun húsnæðismarkaðar sem ekki hafi hægt nægilega á sér. Þannig er endurfjármögnun íbúðarhúsnæðis talin stór þáttur í

á viðhalda hér þensluástandi sem á móti ýti undir verðbólgu. Þá var undirliggjandi verðbólga nokkuð há í síðustu mælingu Hagstofunnar, 7,7 prósent, en þá er búið að draga frá tímabundin áhrif af lækkingunum á virðisaukaskatti í byrjun mánaðarins.

Það er því búist við nokkuð hörðum umvöndunartóni úr Seðlabankanum, en auk þess sem tekin verður ákvörðun um vexti heldur bankinn aðalfund sinn og gefur út efnahagsrit sitt, Peningamál. Þar verður farið yfir þróun hagstærða og mat lagt á hvert líklegt

sé að hagkerfið haldi í framhaldinu. Seðlabankinn miðar ákvarðanir sínar í vaxtamálum við að ná verðbólgu niður í þölmörk bankans, sem liggja í 2,5 prósentum.

Greiningardeild Glitnis segir að eftir að vaxtalækkunarferli bankans hefjist komi stýrivextir til með að lækka með auknum hraða þegar líður á árið. „Reiknum við með að bankinn verði kominn með stýrivexti sína niður í 11,5 prósent í lok þessa árs og 6,5 prósent í lok árs 2008.“ Landsbankinn spáir því að í lok þessa árs standi stýrivextir í 11 prósentum. - ók

120 1886 2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

ISK 14,6%\*

GBP 6,2%\*

USD 6,2%\*

EUR 4,3%\*

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldveisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.



**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluáðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útböðslýsingar og útdráttar úr útböðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

\* Nafnvöxtun á ársgrundvelli frá 1. febrúar - 28. febrúar 2007.



## GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
365	-3%	-27%
Actavis	4%	13%
Alfesca	-4%	-4%
Atlantic Petroleum	2%	13%
Atorca Group	3%	2%
Bakkavör	3%	5%
FL Group	-1%	16%
Glitnir	2%	15%
Hf. Eimskipafélagið	1%	5%
Kaupþing	2%	22%
Landsbankinn	-1%	18%
Marel	-1%	-3%
Mosaic Fashions	2%	3%
Straumur	0%	14%
Össur	1%	11%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánuðaginn

## Minni hagnaður hjá Samherja

Útgerðarfélagið Samherja og dótturfélög þess skiludu hagnaði upp á 1.915 milljónir króna á síðasta ári samanborið við 3.104 milljónir króna árið 2005. Þrátt fyrir minni hagnað eftir skatta námu tekjur samstæðunnar 23,7 milljörðum króna sem er 11 prósentu aukning á milli ára.

Rekstrargjöld námu 18.298 milljónum króna og hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) 5.406 milljónum króna. Til samanburðar nam EBITDA 3.921 milljón króna í hitteðfyrra.

Bókfært eigið fé Samherja í lok síðasta árs nam 9,2 milljörðum króna sem er rétt rúmlega 2,1 milljarði króna meira en við lok árs 2005.

Heildareignir útgerðarfélagins jukust um 13.283 milljónir króna og stafar aukningin að verulegum hluta af fjárfestingum Kaldbaks, dótturfélags Samherja. Þessi mikla stækkun á efnahagsreikningi



EITT SKIPA SAMHERJA Hagnaður útgerðarfélagins Samherja og dótturfélaga var 1.189 milljónum krónum minni í fyrra en árið á undan.

samstæðunnar hefur þau áhrif að eiginfjárlutfall samstæðunnar lækkar úr 25 prósentum í 22 prósent, að því er segir í ársuppgjöri Samherja. - jab

## Of lágur spár á Kaupþingi?

Spár markaðsaðila um hagnað Kaupþings á árinu 2007 eru of lágur að mati Hreiðars Más Sigurðssonar, forstjóra Kaupþings, og býst hann við miklum innri vexti á árinu. Þetta hefur fréttaveitan Nyhetsbyráðn Direkt eftir honum.

Bæði innlendir og erlendir bankar hafa spáð fyrir afkomu Kaupþings á árinu 2007. Glitnir spár Kaupþingi 57.579 milljóna króna hagnaði á árinu en afkomuspá frá Landsbankanum hljóðar upp á 61.425 milljónir króna.

Hagnaður Kaupþings nam rúmum 86 milljörðum í fyrra. - eþa

## Byr siglir upp fyrir gengið 100

Markaðsvirðið komið í 25 milljarða króna.

Markaðsvirði Byrs sparísjóðs er komið í 25,2 milljarða króna en gengi stofnfjárluta í sparísjóðnum fór yfir 100 í fyrsta skipti í vikunni.

Mikil gengishækkun hefur orðið frá aðalfundi félagsins um miðjan mars þegar gengið stóð í 83. Á stofnfjárlamarkaði Byrs, sem MP Fjárfestingabanki hefur nýfarið af stað með, urðu viðskipti á

genginu 104 í gær. Eftir því sem næst verður komist kostaði hluturinn 70 krónur í byrjun árs og hefur því hækkað um 57 prósent frá ársbyrjun að teknu tilliti til endurmatstofnfjár.

Á aðalfundinum fékk stjórn Byrs heimild til að hækka stofnfé í allt að þrjátíu milljarða en það er nú um 243 milljónir króna.

- eþa

# Nýtt afl á íslenskum fjármálamarkaði

Eigið fé Saga Capital, sem fær starfsleyfi frá FME á næstu dögum, nemur 9,5 milljörðum króna. Bankinn horfir meðal annars til fyrirtækjaverkefna á bilinu 500-5.000 milljónir.

Eggert Þór Aðalsteinsson  
skrifar

Saga Capital Fjárfestingarbanki er nýjasta afluð á íslenskum fjármálamarkaði en eigið fé hins nýja banka er um 9,5 milljarðar króna. Forsvarsmenn bankans reikna með að Fjármálaeftirlitið veiti honum starfsleyfi á næstu dögum. „Það hefur ekki gerst frá stofnun Íslandsbanka árið 1904 að banki sé stofnaður frá fyrsta degi, heldur hefur almennt verið um útvíkkun fyrri starfsemi að ræða,“ segir Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri Saga Capital. Stefnt er að því að félagið fari á hlutabréfamarkað innan fjögurra ára.

Saga Capital er heildsölubanki fyrir stofnanafjár- festa og fyrirtæki. Eignarhald í bankanum dreifist á breiðan hóp fjörutíu hluthafa. Þorvaldur Lúðvík, sem var áður yfir eigin viðskiptum Kaupþings, er stærsti hluthafinn með þrettán prósentu hlut en aðrir eigendur eru öflugir fjárfestar úr íslensku viðskiptalífi, KEA, ýmsir sparísjóðir og starfsmenn. „Stefnan okkar er að enginn sé yfirgnæfandi, sem þýðir að enginn sé ómissandi. Það eru því fjölbreyttir hagsmunir sem endurspeglast í eiginahópi okkar og í þann hóp er gott að sækja bæði reynslu og þekkingu.“

Höfuðstöðvar bankans eru á Akureyri en jafnframt verður starfsstöð í Reykjavík. Starfsmenn verða á bilinu 20-25 og koma lykilstarfsmenn úr ýmsum áttum úr íslensku fjármálagjöf. Þeir eiga það sammerkt að búa yfir mikilli þekkingu á innlendum og alþjóðlegum fjármálamörkuðum. „Ætlinin er ekki að finna upp hjólið aftur heldur að fólk komi hingað inn og byrji að búa til tekjur frá fyrsta degi.“

Þorvaldur segir að Saga Capital eigi að fá að vaxa og dafna á afmörkuðum sviðum. Nýi bankinn starfar á fjórum sviðum: stöðutöku, útlánasviði, verðbréfamiðlun og fyrirtækjaráðgjöf. Stöðutakan mun



ÞORVALDUR LÚÐVÍK SIGURJÓNSSON, FORSTJÓRI SÖGU Fjárfestingabankinn er við það að fá starfsleyfi frá FME. Fjörutíu hluthafar eiga bréf í bankanum. MARKAÐURINN/RAGNHEIÐUR

skiptast í hefðbundna stöðutöku í öllum afurðum, auk viðskiptavakta. Útlán snúa að hefðbundinni verkefna- og verðbréfafjármögnun, sem og að leita að bestu fjármögnun fyrir þau fyrirtæki sem leita til bankans, óháð uppruna lánanna. Hvað varðar verðbréfamiðlun segir Þorvaldur að horft verði til stofnanafjár- festa og fyrirtækja og ætlar Saga að bjóða upp á viðskiptakostnað sem verður með því besta sem gerist á markaðnum, auk þess að bjóða upp á beinan markaðsgang á Ísland og alþjóðamarkaði fyrir viðskiptavinum. Í fyrirtækjaráðgjöf er áherslan skýr: „Það hefur skapast ákveðið tómarúm á markaði er snýr að verkefnum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki af stærðargráðunni 500-5.000 milljónir króna. Fyrirtækjaverkefni af þessari stærð fá ekki þá aðhlyningu sem þau eiga skilið. Við teljum okkar geta tryggt minni félögum þá faglegu meðhöndlun sem þau þurfa við fyrstu skrefin.“

## Áhrif á íslensk fyrirtæki óljós

Áhrif þess að skattar verði lækkadur úr þrjátíu prósentum í 28 prósent í Bretlandi eru óljós. Þetta er mat Hildar Árnadóttur, fjármálastjóra Bakkavarar Group.

Bakkavör er eitt þeirra íslensku félaga sem hefur mikla starfsemi í Bretlandi. Um 92 prósent af veltu félagsins kemur þaðan. Á síðasta ári greiddi samstæðan í heild 15,2 milljónir punda í skatta. Það jafngildir um tveimur milljörðum króna. Í einföldum heimi myndi félagið greiða meira en hundrað milljónum króna minna í skatt á

Bretlandi með tveggja prósentu skattalækkun.

Reikningsdæmið er hins vegar ekki svo einfalt. Ýmsar frestun- arheimildir eru við lýði í Bretlandi. Í heild nam virkt skatt- hlutfall hjá Bakkavör Group í fyrra 22,3 prósentum. Alls er því óvíst hvort eða að hve miklu leyti skattalækkunir munu hafa áhrif á rekstur Bakkavarar. „Þetta eru góðar fréttir,“ segir Hildur. „Það er samt ekki nógu margt komið fram í sambandi við framkvæmdina. Það er því eins og er ómögulegt að spá fyrir um áhrifin.“ - hhs

## Hampiðjan tapaði í fyrra

Duldar eignir liggja í HB Granda.

Hampiðjan tapaði 695 þúsund evrum í fyrra, rúmri 61 milljón króna, en hagnaðist um 4,1 milljón evra árið 2005. Rekstrar- hagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var um 5,9 milljarðar evra, 520 milljónir króna, og dróst saman um ellefu prósent á milli ára.

Tekjur voru 45 milljónir evra, um fjórir milljarðar króna, sem var 6,2 prósentu samdráttur. Forsvarsmenn Hampiðjunnar benda

á að erfiðleikar í írskri útgerð hafi valdið samdrætti tekna hjá stærsta dótturfélagi fyrirtækisins, Swan Net Gundry.

Hlutdeildartap af um 9,4 prósentu eignarhlut í HB Granda nam 2,2 milljónum evra, um 200 milljónum króna. Verulega munar hins vegar á markaðs- verðmæti hlutarins og bókfærðu virði hans. Markaðsvirði var 1.160 milljónum króna umfram bókfært verðmæti í árslok. - eþa

◇	A	B	C	D	E	F
1						
2						
3						
4						
5						
6						
7						
8						
9						
10						
11						
12						
13						
14						
15						
16						
17						
18						
19						

### SKIPULEGGJUM ÁRSHÁTÍÐA- OG HÓPAFERÐIR

+ Nánari upplýsingar og bókanir á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)

### '07 70ÁR Á FLUGI

Hópadeild Icelandair býður fyrirtækjum, starfsmannafélögum og öðrum hópum einstaka þjónustu þegar kemur að árhátíð erlendis eða annars konar hópferð.

Við sjáum ekki aðeins um flugbókanir og hótelpantanir heldur tökum við að okkur að skipuleggja ferðina frá a til ö ef þess er óskað.

+ Nánari upplýsingar hjá hópadeild Icelandair í síma 505 0406 eða [hopar@icelandair.is](mailto:hopar@icelandair.is)



WWW.ICELANDAIR.IS



## Nýtt tákn – Margföld reynsla

*Tölvumiðstöð sparisjóðanna hefur tekið upp nafnið Teris.*

Hjá Teris veita ríflega 100 starfsmenn alhliða þjónustu á sviði upplýsingatækni til fjármálafyrirtækja.

Þjónusta okkar byggist á umfangsmikilli sérfræðiþekkingu og áralangri reynslu af rekstrarumhverfi

fjármálafyrirtækja, ráðgjöf, samþættingu og smíði heildstæðra lausna.



## HUGTAK VIKUNNAR

**VARIN STAÐA** eða það sem á ensku kallast hedge position er hugtak sem notað er fyrir kaup fjárfesta, eða stöðu sem ver þá gagnvart allri eða hluta af markaðasáhættu vegna eigna- eða skuldastöðu. Þannig geta innflytjendur varnings sem greiða þarf fyrir í erlendum gjaldmiðlum minnkað óvissu í rekstri sínum með því að gera framvirka samninga við fjármálastofnanir um gjaldmiðilskaup og losnað þar með við gengisáhættu. Eins er varin staða algeng við verðbréfa kaup þar sem fjárfestar kaupa til dæmis sölurétt á viðkomandi verðbréf á ákveðnu verði og takmarkað með því fyrir hugsanlegt tap af fjárfestingu sinni, varið stöðu sína.

## Hér taka færri konur þátt

Þátttaka kvenna í frumkvöðlastarfsemi er mun minni en karla og fer minnkandi. Einungis fjórðungur þeirra sem stunduðu frumkvöðlastarfsemi í fyrra voru konur. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri skýrslu um umfang og umhverfi frumkvöðlastarfsemi hér á landi í fyrra.

Skýrsla sem þessi kemur út árelega, en í henni er frumkvöðlastarfsemi í um 40 löndum könnuð á samræmdan hátt. Um útgáfuna sér Rannsóknamiðstöð HR í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum.

Úr samanburði milli landa má meðal annars lesa að þátttaka ís-



**RÖGNVALDUR J. SÆMUNDSSON** forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar HR í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum.

lenskra kvenna í frumkvöðlastarfsemi er sú lægsta í sam-  
anburðarlöndunum og að í fyrra hafi karlar verið þrisvar sinnum líklegri en konur til þess að taka þátt í slíkri starfsemi.

Umfang frumkvöðlastarfsemi hér í fyrra var meira en í flestum öðrum löndum í heiminum. „Það

var nokkuð meira en í hátekju-  
löndunum í heild, talsvert meira en annars staðar á Norðurlöndum (að Noregi undanskildum) en sambærilegt við Bandaríkin,“ segir í niðurstöðum. Í fyrra unnu um átta prósent þjóðarinnar á aldrinum 18 til 64 ára, eða um 15 þúsund manns, að undirbúningi nýrrar viðskiptastarfsemi. „Þetta er talsvert hærra hlutfall en í öðrum sambærilegum hátekju-  
löndum og hefur farið hækkandi hér á landi á síðustu árum. Pró-  
unin er þó sú að fleiri undirbúa, en færri láta slag standa,“ segir í skýrslunni. - óká

## eMax flytur

Vegna flutnings á starfsemi eMax úr Hlíðarsmára í Thorvaldsens-  
stræti, geta orðið truflanir á net-  
sambandi, varar fyrirtækið við. Flutningurinn kemur til vegna kaupna WBS (Wireless Broadband Systems) á rekstrinum.

Bæði fyrirtæki hafa unnið að því að byggja upp þráðlaus wiMax tölvunet. WBS hefur meðal annars sett upp þráðlaus háhraðanet í sumarhúshverfi í Grímsnesi og Grafningi. Hraðinn á netinu býður upp á ýmsa möguleika auk internettingar, svo sem síma, sjón-  
varpssendinga og annars. Þá hefur eMax einnig sett upp háhraðanet utan höfuðborgarsvæðisins. - óká

## Fimmtán milljónir fyrir frumkvöðla

Bakkavör Group mun styrkja viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands um fimm milljónir á ári, árin 2007, 2008 og 2009.

Þetta felst í samningi um eflingu kennslu og rannsókna í frumkvöðla- og nýsköpunarfræðum innan viðskipta- og hagfræðideildar.

Á móti skuldbindur viðskipta- og hagfræðideild sig til að bjóða fram kennslu í frumkvöðla- og nýsköpunarfræðum. Ávallt skulu vera kennd námskeið við deildina sem taka mið af nýjustu þekkingu í þeim fræðum. Þá skuldbindur deildin sig til að stunda reglubundnar rannsóknir á sviði frumkvöðla- og nýsköpunarfræða. Stefnt er að samstarfsverkefnum



**VIÐ UNDIRRITUN** Ingjaldur Hannibalsson, Ágúst Guðmundsson og Kristín Ingólfssdóttir rektor undirrita samstarfssamning.

MARKAÐURINN/HEIDA

milli Bakkavarar og Háskólans á þeim vettvangi.

Kristín Ingólfssdóttir rektor, Ingjaldur Hannibalsson prófessor og Ágúst Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar, undirrituðu samninginn í gær. - hhs

## Íslendingar hagnast á millilagslánunum

Íslenski millilagslánasjóðurinn Carta Capital Mezzanine Fund 1 skilaði 1.160 milljóna króna hagnaði í fyrra samanborið við 763 milljónir króna árið 2005.

Lánasafn sjóðsins samanstendur eingöngu af millilagslánunum, fjármögnun sem liggur á milli hefðbundinna bankalána og eigin fjár við skuldbætt fyrirtækjakaup. Stærð þess nam 6.983 milljónum króna í árslok. Ávöxtun á meðalstöðu lánasafns var 19,5 prósent en arðsemi sjóðsins hefur verið yfir meðalarðsemi evrópska markaðarins.

Mikill vöxtur hefur verið í veitingu millilagslána í Evrópu á síðustu árum. Óx markaðurinn um 27 prósent í fyrra en Carta

Capital stækkaði um 35 prósent og lánaði sem svaraði til 3,8 milljarða króna. Sjóðurinn hefur sérhæft sig í minni verkefnum, lánunum til smærri og meðalstórra fyrirtækja, sem hafa skilað betri arðsemi en þau stærri.

Horfur eru góðar í rekstri Carta Capital fyrir árið í ár, bæði hvað varðar afkomu og stöðu verkefna. Unnið er að því að fá fjárfesta til liðs við sjóðinn fyrir næsta fjárfestingarverkefni.

Sjóðurinn er í eigu sjóðastýringarfyrirtækisins Carta Capital GP sem er í eigu íslenskra banka, sparisjóða, lífeyrissjóða, tryggingsfélaga og félaga í eigu fjárfsterkra einstaklinga. - eþa

## Flokkarnir vilja ekki hækka tekjuskatt

Forsvarsmenn stjórnmálaflokkanna fengu fimm mínútur hver til að svara fimm spurningum íslenskra athafna-  
kvenna á morgunverðarfundum Viðskiptaráðs í gær.

**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir** skrifar

Enginn stjórnmálaflokkanna hefur í hyggju að hækka tekjuskatt á fyrirtæki. Skiptari skoðanir eru um innheimtu fjármagnstekjuskatts.

Þetta kom fram á morgunverðarfundum Viðskiptaráðs Íslands með stjórnmálamönnum og athafnakonum á Grand hóteli Reykjavíkur í gær. Í ljósi umræðu um að konur geti með atkvæðum sínum ráðið úrslitum kosninga í vor var yfirskrift fundarins Atkvæði kvenna. Fimm athafnakonur ræddu hagsmunamál starfsvettvangs þeirra og lögðu svo fram eina spurningu hver til stjórnmálamannanna.

Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, telur grundvöll fyrir því að lækka skattprósenta í tekjuskatti fyrirtækja niður á bilinu tíu til fimmtán prósent. Sagðist hann telja mjög mikilvægt að fjármagnstekjuskattur hækkuðu ekki.

Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði aðalatriðið að tryggja að hér væri samkeppnishæft umhverfi sem gerði það að verkum að fyrirtæki kysu sér að vera hér á landi. Hann taldi skynsamlegt að skoða innheimtulágmark fjármagnstekjuskatts. Varðandi skattlagningu á fyrirtæki þyrfti að skoða betur aðstæður sprota- og nýsköpunarfyrirtækja.

Valdimar Leó Friðriksson, þingmaður Frjálslynda flokksins, sagði flokkinn engin áform hafa um að hækka tekjuskatt en rætt hefði verið um að hækka fjármagnstekjuskatt í tólf prósent.

Margrét Sværisdóttir, varaformaður Íslandshreyfingarinnar, taldi að mikilvægt væri að lækka tekjuskatt á fyrirtæki heldur en að hækka. Einnig



**ATHAFNAKONUR Í ÓLÍKUM GREINUM** Þær Margrét Pála Ólafsdóttir, formaður Samtaka sjálfstæðra skóla, og Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík, voru meðal þeirra er spurðu stjórnmálamenn spjörnum úr.

væri mikilvægt að laða fyrirtæki til landsins og hafa hagstæða umgjörð um atvinnulífið. Hún sagði skattaumhverfið þurfa að vera með þeim hætti að Ísland væri samkeppnishæft við önnur lönd og byði helst betur. „Frekar viljum við hafa mörg fyrirtæki sem borga lága skatta heldur en fá skattþínd fyrirtæki.“ Þá sagði hún afar mikilvægt að Íslendingar misstu ekki bankana úr landi. Mikilvægt væri að skapa þeim hagstætt umhverfi, reyna að fjölga þeim og stefna að fjármálamiðstöð hér á landi.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, sagði

mikilvægast að jafnvægi næðist í íslensku efnahagslífi. Það væri mikilvægara en fjármagnsskattsprósenta eða tekjuskatturinn. Hún segir Samfylkinguna ekki hafa sérstakar fyrirætlanir um að hækka fjármagns- eða tekjuskatt.

Katrín Jakobsdóttir, varaformaður Vinstri grænna, segir flokkinn ekki hafa hugmyndir um að hækka eða lækka fjármagnstekjuskatt. Hins vegar hafi hann viðrað hugmyndir um að leggja niður fjármagnstekjuskatt á fjármagnstekjur við vissst skref en hækka hann í fjórtán prósent við annað skref. „Það er eðlilegt að skoða einhvers konar skiptingu á fjármagnstekjuskattinum. Það er líka eðlilegt að þeir sem hafa eingöngu fjármagnstekjur borgi hluta þeirra í útsvar.“

Þær Halla Tómasdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, Elín Sigfúsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Landsbanka Íslands, Margrét Pála Ólafsdóttir, formaður Samtaka sjálfstæðra skóla, Anna Birna Jensdóttir, framkvæmdastjóri Sóltúns, og Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík, lögðu fram spurningarnar.



Ertu að spá í atvinnutæki?

VIÐ FJÁRMÖGNUN ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR!

Nýttu þér upplýsingar og reiknivélar á [www.glitnirfjarmognun.is](http://www.glitnirfjarmognun.is) eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4400.

**GLITNIR**

FJÁRMÖGNUN



Nú hefur myndast nýr meðbyr í persónulegri fjármálaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki



BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | [www.byr.is](http://www.byr.is)



# Kraftur þekkingarinnar virkjaður í útrás

Sérþekking á sviði verkfræði sem hér hefur orðið til á liðnum árum í álvers- og virkjanaframkvæmdum er sú undirstaða sem verkfræðifyrirtækið HRV ætlar að byggja á í útrás sinni. Að HRV standa þrjár grónar verkfræðistofur. Óli Kristján Ármannsson ræddi við framkvæmdastjóra þeirra, þá Eyjólf Árna Rafnsson hjá VGK-Hönnun, Skapti Valsson hjá Rafhönnun og Viðar Ólafsson hjá VST, en þeir mynda stjórn HRV.

Á næstu fimm árum ætlar verkfræðifyrirtækið HRV að verða eitt fremsta ráðgjafar- og þjónustufyrirtæki í heiminum á sviði ál- og orkuviðnáðar með starfsemi í minnst fimm löndum og veltu upp á um tuttugu milljarða króna. Með þetta að markmiði hefur verið ráðist í gagnlega endurskipulagningu á uppbyggingu fyrirtækisins, leit að er að framkvæmdastjóra og búið að stofna eignarhaldsfélagið HRV Holding utan um innlendar og erlendar eignir og starfsemi.

Útrás HRV er raunar þegar hafin með því að fyrirtækið hefur tekið að sér að endurnýja gamalt „Söderberg“-álver, Kubal í Sundsvall í Svíþjóð.

Að sögn aðstandenda HRV er ekki tilviljun að ráðist er í þessa vinnu nú. Núna segja þeir að sé lag, þekking fyrir hendi og aðstæður hagnæmar á alþjóðamörkuðum þar sem sífellt meiri áhersla sé lögð á vistvæna orku og framleiðslu. Fyrirhuguð aukin útrás HRV rímar enda mjög vel við þær fjárfestingar sem nýstofnuð fjárfestingafélög Geysir Green Energy og Hydro-Kraft Invest ætla að ráðast í.

„Heimamarkaðurinn er lítill og stór verkefni ráða miklu um verkefnastöðu og rekstraraðstæður fyrirtækja í þessum geira. Þess vegna er mjög mikilvægt að ná þessari sveiflu sem er í fjárfestingum úti í heimi, bæði í orkugeiranum og áliðnaði,“ segir Eyjólfur Árna Rafnsson, starfandi framkvæmdastjóri HRV sem telur nægilegt að um 70 til 80 prósent af starfsemi fyrirtækisins sé tengd erlendum verkefnum til að losna við áhrif af sveiflum innanlands. „Hliðstætt og bönkunum hefur tekist að gera, en af annarri stærðargráðu.“

## AÐSTÆÐUR HAGFELLDAR ÁLINU

HRV byggist enda á gömlum merg þar sem verkfræðifyrirtækið er sameiginlegt verkefni þriggja gróinna verkfræðistofa á íslenskum markaði. HRV-samstarfið rekur sögu sína aftur til ársins 1995 þegar hófst samstarf verkfræðistofanna Hönnun, Rafhönnun og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen (VST). Allar eru þessar verkfræðistofur umsvifamiklar og eiga sér langa sögu, VST þó sýnu lengsta enda elsta verkfræðistofa landsins, stofnuð árið 1932. Hönnun var stofnuð 1963 og Rafhönnun 1969. Þeir eru enda glaðbeittir framkvæmdastjórar þessara fyrirtækja þegar þeir lýsa framtíðaráformum sínum með HRV, en saman mynda þeir stjórn fyrirtækisins.

„Hér innanlands hefur með stóriðjuframkvæmdum orðið til gríðarlega verðmæt þekking sem við byggjum á í útrás okkar,“ segir Skapti Valsson, framkvæmdastjóri Rafhönnunar, og áréttar að ál- og orkuviðnáður falli í flokk hátækni- og þekkingariðnaðar. „Þótt einhverjir kunni að líta á álver sem skítugan vinnustað þá er ekki



**FORSVARSMENN HRV** Eyjólfur Árna Rafnsson, framkvæmdastjóri VGK-Hönnunar, Skapti Valsson, framkvæmdastjóri Rafhönnunar, og Viðar Ólafsson, framkvæmdastjóri VST, segja að í sumar verði HRV komið í þá mynd sem byggt verður á til framtíðar. Verið er að leita að framkvæmdastjóra og um mitt sumar flytur starfsemi í nýtt húsnæði.

MARKAÐURINN/ANTON

svo. Starfsemi álvera byggir á mikilli sjálfvirkni, hugbúnaðargerð og þar að baki liggur mikil þekking og hátækni, þrátt fyrir að vinnslan sjálf, rafgreiningin, hafi svo sem verið þekkt í hundrað ár. Öll önnur vinnsla er hins vegar sífellt að breytast og sjálfvirknin að aukast.“ Auk þeirrar reynslu sem verkfræðingar hér hafa á að byggja segja þeir HRV-menn að aðstæður í heiminum séu aukinheldur hagnæmar. „Alþjóðlegar kröfur um að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda kalla á auknar áherslur á orkuviðnáð þar sem verið er að hverfa frá mengandi aflgjöfum á borð við kol og olíu,“ segir Eyjólfur Árna, sem einnig er framkvæmdastjóri VGK-Hönnunar. Hann segir ljóst að loftslagsskýrslur sem komið hafi frá áramótum, svo sem frá Sameinuðu þjóðunum, séu í raun „vatn á myllu“ HRV. „Krafan er að virkja vatnsafl, gufu og þess háttar orkugjafa meðan dregið er úr hinu.“ Þeir benda á að á þeim svæðum í heiminum þar sem hagnæmst er hvað örastur, svo sem í Indlandi og Kína, sé áherslan ekki á að draga úr orkunotkun, heldur að aukin notkun byggji á umhverfisvænum orkugjöfum. Hátt verð á áli í heiminum ýtir svo undir uppbyggingu og endurnýjun í þeim geira. Hækkandi orkuverð gerir einnig að núna séu orðin hagnæm verkefni sem ef til vill hafi ekki þótt vera það áður.

Af þessu leiðir að HRV stendur á tíma- og vaxandi áramótum ráðist í gagnlega endurskipulagningu þess með stofnun eignarhaldsfélagsins HRV holding ehf. og HRV ehf. yfir starfsemi hér. Í sumar flytur svo starfsemi í nýtt húsnæði á Höfða í Reykjavík og er þá stefnt að því að hún verði komin á fullan skrið. „HRV Holding er hugsað sem eignarhaldsfélag utan um reksturinn og rekstur annars staðar en hér á landi. Á sama tíma vinnum við að því að ráða framkvæmdastjóra til að styrkja uppbyggingu fyrirtækisins enn frekar,“ segir Eyjólfur Árna. Félögin sem að HRV standa

eru saman með hátt í 500 manns í vinnu og í gegnum HRV hátt um 150 manns sem einvörðungu sinna álversviðnaði. Áhersla fyrirtækisins verður að stórum hluta á álversviðnað þar sem það hefur á mikilli þekkingu að byggja, en einnig er horft til annars orkufreks viðnaðar. „Erlendis höfum við líka ákveðið að snúa bókum saman í orkugeiranum. Félögin, bæði saman og hvert í sínu lagi, eiga í Geysi Green Energy og vonumst við til að vera virkir þátttakendur í þeim verkefnum sem fylgja útlutningi þekkingar okkar í þessum viðnaði.“

Verkefni HRV að endurnýja álverið í Sundsvall í Svíþjóð segja forsvarsmenn fyrirtækisins að fylgi mikil tækifæri. Viðar Ólafsson, framkvæmdastjóri VST, segir stærð verkefnisins nema um 40 mannaárum með verðmiða nálægt hálfum milljarði. Álverið er inni í miðjum bæ og af svokallaðri „Söderberg“-gerð, en mörg slík bíða endurnýjunar. Þau byggja á tækni sem verið er að hverfa frá vegna þess að hún mengar meira en nýjasta tækni. Viðar segir gott að byrja útrásina í Svíþjóð, enda landið okkur ekki framandi.

## MIKIL UPPBYGGING FYRIR SÉÐ

HRV-menn segja hins vegar nokkuð happ hafa verið að fá verkefnið í Svíþjóð því leitað var til fyrirtækisins. „Þetta kom til okkar svona eftir viðræður og fegurðarsamkeppni,“ segir Eyjólfur Árna og Skapti minnir á að HRV hafi jú þurft að keppa við ástralskt verkfræðifyrirtæki sem einnig hafi komið til greina. Viðar segir hins vegar ekkert undarlegt við að leitað hafi verið til HRV um verkið, burtséð frá eignatengslum sem eru á milli Kubal-álversins og Norðuráls þar sem menn hafi þekkt til HRV, enda allt vinnulag við stórfamkvæmdir og útboð á alþjóðlegum markaði sambærilegt við það sem menn þekkjá héðan. „Hér erum við með ráðgjöf, útboð og eftirlit og undirbúum verktakapátt

framkvæmdarinnar fyrir þann markað sem er á viðkomandi stað. Alls staðar er þetta unnið á svipaðan hátt, en við höfum safnað hér upp áratugareynslu fyrir fyrirtæki í svona starfsemi,“ segir hann.

Eyjólfur Árna rekur upphafið að starfsemi HRV til undirbúnings byggingar álversins á Grundartanga og til stækkunar álvers Ísals í Straumsvík sem í gangi var á svipuðum tíma. „Stækkunin þar braut ísinn í aðkomu erlendra fjárfesta að verkefnum hér. Ennfremur lagði Kenneth Peterson sem þá átti álverið á Grundartanga mikla áherslu á að nýta innlenda aðila til undirbúnings og uppbyggingar álversins og að stofur mynduðu svona samstarf,“ segir hann, en HRV vann einnig að undirbúningi Reyðarálsverkefnisins fyrir Norsk Hydro á sínum tíma. „Þegar Alcoa kemur inn í verkefnið fyrir austan 2002 vorum við ekki lengi að hugsa okkur um hvort við tækjum þátt í því og stofnuðum fyrirtækið HRV sf.“ Við þetta fékk reksturinn á sig fastara form og hefur undið upp á sig síðan. „Fyrir utan að stýra með verkfræðingum Norðuráls uppbyggingu þar, erum við í dag í samstarfi við Bechtel fyrir austan við byggingu Fjarðaráls, við vinnum að undirbúningi álvers á Húsavík, við tökum þátt í undirbúningi stækkunar í Straumsvík og sömuleiðis að undirbúningi álvers í Helguvík. Svo erum við komin í verkefni utan landsteinanna í Svíþjóð.“ Þarna eru upp talin stærstu verkefni en alls telja smærri og stærri verkefni HRV á fimmta tuginn.


Eyjólfur Árna segir framtíðina bjarta í álvers- og orkuviðnaði enda spád mikilli aukningu. „Hún nemur því að næstu tuttugu árin þurfi á hverju ári einhvers staðar í heiminum að byggja sem nemur þremur Reyðarfjarðarálverum. Við þurfum ekki að komast inn í nema tíunda eða tuttugasta hvert verkefni til að vera sattir,“ segir hann og kveður að á næstu fimm árum stefni HRV að því að vera með 80 prósent af starfsemi sinni utan landsteinanna. Framtíðarsýnin er sú að um 1.800 manns starfi hjá HRV, 1.500 í útlöndum og um 300 hér heima.

„Tækifærin sem við stöndum frammi fyrir núna eru þau mestu sem við höfum upplifað á löngum ferli þessara fyrirtækja,“ segir Viðar og bætir um leið við að það sem mestu skipti þegar lagt er í uppbyggingu á borð við þá sem nú sé fyrir dyrum hjá HRV sé traustur heimamarkaður. „Heimamarkaður hér hefur verið mjög góður undanfarna ár og nú er lag til að hleypa heimdraganum.“ Þeir félagar hnykkja svo á því að uppbygging orkufreks viðnaðar hér síðustu 10 til 12 ár sé forsenda þeirra áætlaða sem HRV hefur um útrás. Áframhaldandi og skynsamleg uppbygging á þessu sviði innanlands segja þeir að muni styrkja þessa útrás enn frekar.

## EINFALT OG FLJÓTLEGT AÐ KAUPA PRENTVERK

### Verð á yfir 1000 prentlausnum!

PRENTLAUSNIR 2007



Prentsmiðjan Oddi ehf. • Höfðabakka 3-7 • 110 Reykjavík • Sími 515 5000 • Pantaðu eintak á [www.odd.is](http://www.odd.is)



# Marrakech

Upplifðu Afríku, steinsnar frá Evrópu.

**Beint flug 17.–23. apríl**

Fararstjórar: Þóra Valsteinsdóttir og Sólrún Jónsdóttir

Marrakech er höfuðborg suður-Marokkó þar sem Afríka og Evrópa mætast. Gist er á fyrsta flokks lúxushótelum og gestir staðarins drekka í sig magnaða menningu borgarinnar. Fyrir þá sem ekki vita þykir golfið í Marokkó eitt það besta á þessum

slóðum og margir fallegir vellir eru í næsta nágrenni. Andrúmsloftið í Marrakech er afslappað og þér líður vel. Boðið er upp á forvitnilegar skoðunarferðir í þessu framandi landi. Slappaðu af í Afríku einungis steinsnar frá Evrópu.

RYAD MOGADOR AGDAL



HIVERNAGE SPA



Hótelid er við hið fræga torg Jma el Fna. Útlit hótelsins er nýtskulegt en þó í marokkóskum stíl. Veitingastaður hótelsins býður fjölbreyttan matseðil, bæði alþjóðlegan og þjóðlegan. Herbergin eru stór með öllum helstu þægindum.

**Verð 89.970,-**

á mann m. v. 2 í herbergi m/morgunverði



Stórkostlegt útsýni yfir torg og garða Marrakech. Veitingastaður hótelsins er einn sá eftirsóttasti í borginni. Heilsulindin Viva Forme er opin gestum hótelsins. Rúmgóð og nýtskuleg herbergi. Gott hótél á besta stað í borginni.

**Verð 99.970,-**

á mann m. v. 2 í herbergi m/morgunverði



ÚRVAL-ÚTSÝN



**Innifalið:** Flug, gisting, flugvallarskattur og íslensk fararstjórn.  
Einnig hálf dags skoðunarferð um Marrakech með frábærum fararstjórum.

ÚRVAL ÚTSÝN - LÁGMÚLA 4 - 108 REYKJAVÍK  
S. 585 4000 - F. 585 4065 - INFO@UU.IS - WWW.UU.IS



# Sprotar leita viðskiptaeng

Fjárfestapung Seed Forum hefst í Reykjavík á morgun. Á þinginu kynna fulltrúar átta sprotafyrirtækja frá Íslandi og Jón Aðalsteinn Bergsveinsson kynnti sér fjárfestapunginn og íslensku fyrirtækin sem kynna vörur sínar.

**S**eed Forum blæs til fjárfestapungis í fimmta sinn í Reykjavík á morgun. Á þinginu kynna sjö fulltrúar jafn margra sprotafyrirtækja starfsemi, vörur og vaxtarhorfur fyrir svokölluðum viðskiptaenglum, efnameiri einstaklingum sem hafa bolmagn til fjárfestinga í sprotafyrirtækjum. Viðskiptaenglar hafa iðulega reynslu af fyrirtækjarekstri ýmiss konar og getur aðkoma þeirra því verið sprotafyrirtæki dýrmætt tækifæri sem er að stíga sín fyrstu skref.

Fjárfestapunginn á morgun verður það fyrsta í röð 18 þinga í vor en á haustdögum verður þráðurinn tekinn upp að nýju með 21 þingi. Flest fyrirtækjanna eru frá Norðurlöndunum en í ljósi mikillar athygli sem Seed Forum hefur fengið víða um heim hafa sprotafyrirtæki frá Bandaríkjunum, Bretlandi og Austur-Evrópu lýst yfir áhuga á því að bætast í hópinn. Þar af eru fjögur íslensk fyrirtæki sem munu leiða hesta sína saman við fjárfestana á morgun.

Jón Helgi Egilsson, framkvæmdastjóri Seed Forum í Bandaríkjunum, segir fyrirtækin eiga það sammerkt að leita til fjárfesta

til að hraða vexti þeirra. Flest eru fyrirtækin í smærri kantinum og mislangt á veg komin með vörur sínar. Sum þeirra eru reyndar þegar með vörur á markaði jafnt hér sem erlendis. Þau eigi það hins vegar flest sammerkt að vera smá í sniðum, með fáa starfsmenn, suma í hlutastarfi, og þurfa að sinna ýmsum aukaverkefnum til að tryggja rekstrargrundvöll sinn. Þau geta því ekki einbeitt sér að stóra verkefnum. Til þess þurfa þau auknið fjármagn.

## „SPEED FORUM“

Það er fjarri því auðunnið verk að komast að á fjárfestapunginn Seed Forum. Sprotafyrirtækin eiga það flest hver sammerkt að hafa fetað krókastigu í leit að fjármagni. En það er erfitt mál. „Þessi fyrirtæki eru of lítil svo bankar sjái hag sinn í því að fjárfesta í þeim. Þá eru þau of skammt á veg komin til að fjárfestingasjóðir á borð við Brú setji fjármagn í þau,“ segir Jón Helgi. Hann bendir á að fjárfestingasjóðirnir tilnefni þau sprotafyrirtæki sem þeim list vel á en hafi ekki hlotið náð fyrir augum sjóðsins. Eftir nokkra síu eru fulltrúar frá nokkrum sprotafyrirtækjum síðan valdir til þátttöku á þinginu. En þar er ekki sagan öll því allir fulltrúar fyrirtækjanna fá þjálfun í því hvernig þeir eigi að kynna vörur sínar fyrir viðskiptaenglum á mjög markvissan hátt.

Jón segir þjálfunina af hinu góða enda nýti fulltrúar fyrirtækjanna tækifærið, kynnist hver öðrum og myndi tengsl við fulltrúa fyrirtækis í svipuðum geira. Að slíku tengslaneti sé gott að búa í framtíðinni, að hans sögn.

Forsvarsmenn allra sprotafyrirtækjanna sem þátt taka í fjárfestapunginu á morgun fengu ítarlega þjálfun fyrir kynningu sína í Osló í Noregi fyrir viku. Þetta er viðamikil þjálfun sem stóð frá þriðjudagsmorgni og langt fram á kvöld auk þess sem hálfum miðvikudeginum var varið í þjálfunina. Þjálfunin var ströng, ítarleg og mál manna að mjög fagmannlega hafi verið að verki staðið hvernig eigi að kynna fyrirtækin í mjög afmörkuðu og skýru máli. Var einum viðmælanda Markaðarins á orði að fremur ætti fjárfestingapunginn að heita „Speed Forum“ en Seed Forum og vísaði hann til þess að fulltrúi

hvers fyrirtækis fyrir sig fær ekki nema sjö mínútur til að kynna starfsemi fyrirtækisins fyrir fjárfestum á morgun.

## LEIÐAÐ EFTIR MISMIKLU FJÁRMAGNI

Íslensku sprotafyrirtækin sem vinna að því að heilla viðskiptaenglana upp úr skónum á morgun eru af öllum stærðum og gerðum. Þar á meðal er eitt netfyrirtæki, annað í lyfjaþróun, það þriðja í heilbrigðisgeiranum en fjórða fyrirtækið selur afnotaleyfi á einkaleyfisvernduðum ferlum. Þá eru þrjú fyrirtæki frá Norðurlöndunum sem starfa á sviði upplýsingatækni og fjármála.

Jón Helgi segir fyrirtækin sjö leita eftir misháum fjármagni til rekstursins. Allt fer það eftir starfsemi þeirra og næstu skrefum. „Þetta getur verið allt frá 30 milljónum króna upp í einn og hálfan milljarð,“ segir Jón Helgi og bætir við að fleiri en einn viðskiptaengill geti ákveðið að fjárfesta í hverju einstöku fyrirtæki fyrir sig.

Jón segir að sprotafyrirtækin öll geti ekki átt von á að viðskiptaengill ákveði að leggja fjármagn til reksturs þeirra. „Við erum að sjá um það bil einn þriðja fyrirtækja loka samningum við fjárfesta í framhaldi af þingum sem þessum. Sumir gera það fljótlega eftir þinginn en aðrir síðar. Það er engu að síður góður árangur,“ segir Jón Helgi og bætir því við að um 30 prósent árangur sé mjög stórt hlutfall.

## FJÁRFESTAPUNG FÜRIR ALLA

Skráning á fjárfestapunginn Seed Forum hefst klukkan 8.30 í húsnáttum deCode í Vatnsmýrinni og er það öllum opið. Halla Tómasdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, setur það klukkan 9 en að því loknu munu fulltrúar allra fyrirtækja kynna sig stuttlega. Þar á eftir heldur Sigurjón Þ. Arnason, bankastjóri Landsbankans, erindi. Sjálf kynning fyrirtækjanna hefst að því loknu og hefur hver fulltrúi sprotafyrirtækjanna sjö mínútur til umráða.

Gert er ráð fyrir því að þinginu ljúki klukkan 11.30. Að loknum léttum hádegisverði mun deCode kynna starfsemi sína og framtíðarhorfur fyrir gestum og gefst þeim síðan kostur á að skoða húsnæðið.

**FRÁ SPROTAPUNGI SEED FORUM Í FYRRA** Björn Haugland frá fyrirtækinu Symphonical kynnir fyrirtæki sitt á Seed Forum í New York í Bandaríkjunum í fyrra.

MYND/K. LEE SOHN



## Framleiða undraefni úr þorski

Líftæknifyrirtækið Zymetech hefur þróað krem og snyrtivörur úr ensímum þorska. Kremið hefur nýst mjög vel við bólgum hvers konar og nú er verið að leita samninga við lyfjaframleiðendur um framleiðslu á ensíminu í lyfjum auk þess sem horft er til lækningamáttar þess en talið er að það geti læknað flensu af hvaða tagi sem er.

Jón Bragi Bjarnason, forstjóri Zymetech, segir um tvennt að ræða. Í fyrsta lagi sé það tækni sem felst í því að vinna ensímið úr þorskinum og hitt sé vinnslan á ensíminu í snyrtivörur og lyf.

Zymetech hefur náð mjög langt með tækni sinni, sem er einkaleyfisvarin í 29 löndum. Þá hafa snyrtivörur þess verið seld víða um heim, þar af undir fjórum vörumerkjum í Frakklandi, að sögn Jóns Braga.

„Það hefur komið í ljós að þorskaensímið hefur áhrif á bólgusjúkdóma, húðsjúkdóma og veiru- og bakteríusýkingar. Það vakti til dæmis nokkra athygli í janúar að ensímið dræpi fuglaflensuveiruna,“ segir Jón og bendir á niðurstöður rannsóknar þessa efnis sem gerð var í Lundúnum í Bretlandi.

Um þessar mundir er verið að kanna virkni ensímsins á flensu í mönnum. „Næsta skrefið á eftir þessu er að athuga hvernig þorskaensímið virkar á kvefveiruna,“ segir Jón og bætir við að í bígerð sé að búa til hálfstöflur og nefúða með lyfinu úr þorskaensímum.

Á fjárfestapunginu á morgun mun fulltrúi Zymetech kynna áætlun fyrirtækisins



**JÓN BRAGI BJARNASON** Líftæknifyrirtækið Zymetech hefur búið til krem og lyf úr ensímum í þorski. Lyfið hefur marga eiginleika en nýjustu rannsóknir benda til að það geti læknað fuglaflensu.

MARKAÐURINN/GVA

um lyfjaþróun og prófanir á að minnsta kosti einu lyfi fyrir yfirborðslæga sjúkdæma.

„Við erum í raun búin að þróa lyfin en nú eigum við eftir að þróa klínisku rannsóknirnar sem sanna virkni þeirra. Þegar það er komið þá getum við farið með það til lyfjafyrirtækja og boðið þeim í dansinn,“ segir Jón.

## Verðmiði kominn á neysluhegðun

Vdeca er tæplega tveggja ára fyrirtæki sem markaðssetur og selur afnotaleyfi á einkaleyfisvernduðum ferlum. Fyrirtækið hefur einkaleyfi á ferlunum í 20 löndum í Evrópu og í Bandaríkjunum og tekur mið af lagaákvæðum persónuverndarlaga og ákvæðum laga um gagnaoöruggi. Þetta er algjör nýjung á markaði þar sem fyrirtæki geta tengt saman persónusniðnar upplýsingar um kaup- og neysluhegðun einstaklinga við vörur fyrirtækisins.

Þorsteinn Geirsson, framkvæmdastjóri Vdeca og einn stofnenda þess, segir að með tengingu persónuupplýsinga, aldurs kyns, áhugasviðs, tekna og fleira, við neysluhegðun þurfi að fara fram ferill sem nefnist upplýst samþykki. „Eigandi upplýsinganna, einstaklingurinn, þarf að gefa leyfi fyrir því að upplýsingar hans verði notaðar í ákveðnum tilgangi,“ segir hann og bendir á að í persónuverndarlöggjöfinni sé þetta skrifað í stein. „Og þar sem búið er að einkaleyfavernda ferlinn þá þurfa fyrirtæki sem vilja nálgast upplýsingar sem þessar að gera það í gegnum okkur með einum eða öðrum hætti,“ segir hann og bætir við að geri þeir það ekki sé viðkomandi fyrirtæki að brjóta einkaleyfi.

Upplýsingar um kauphegðun einstaklinga eru mjög verðmæt fyrir mörg fyrirtæki, ekki síst lyfjaframleiðendur sem búa ekki yfir neinum tólum fyrir markaðssetningu á lyfseðilsskyldum lyfjum, að sögn Þorsteins.



**ÞORSTEINN GEIRSSON** Vdeca hefur búið til einkaleyfisverndaða ferla sem gerir fyrirtækjum kleift að kaupa upplýsingar um neysluhegðun einstaklinga og bæta þannig markaðssetningu sína.

„Viðskiptavinir apóteka verða að gefa upplýst samþykki fyrir notkun upplýsinganna og lyfjaframleiðendur geta síðan veitt þeim punkta eða afslátt af vörum í staðinn,“ segir Þorsteinn og bendir á að ferlar sem þessir auki mjög hagræði við lyfjaframleiðslu og geti sparað hinu opinbera allt að 700 milljónum á ári.





**Framtíðin  
er í okkar  
höndum**

Framtíðin felst í hátækni  
- Sjá stefnu Samtaka iðnaðarins  
og áskorun tilríkisstjórnarinnar á www.si.is



# Íslenskur iðnaður

MIÐVIKUDAGUR 28. MARS 2007



FRÉTTABLAÐ/VILHELM

## ÍSLANDSMEISTARAMÓT SI OG ÞJÓNUSTUIÐNGREINA

fer fram 1. og 2. september 2007 í nýju Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal







Haukur Valdimarsson, formaður Félags íslenskra gullsmiða, í verslun sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Gullið tækifæri til að vekja athygli

„Félag íslenskra gullsmiða kemur að þessum viðburði sem fagfélag og við lítum á það sem ákveðið tækifæri til að vekja athygli á okkur þótt raunar eigi eftir að útfæra aðkomu okkar nánar og kynna meðal félagsmanna,“ segir Haukur Valdimarsson, formaður Félags íslenskra gullsmiða.

Gullsmiðir eru meðal þeirra sem þátt taka í Íslandsmeistaramóti Samtaka iðnaðarins og þjónustugreina í haust, en þar keppa meistara og sveinar.

Keppni meðal gullsmiða verður haldin fyrir sýninguna sjálfa, annað hvort í sumar eða vor. Haukur segir ljóst að í hverju sem verði á endanum keppt verði klárlega til sýnis munir á sýningunni sjálfri. „Þá verður smíðað út frá einhverju þema eða haldin samkeppni. Munir verða svo til sýnis og dæmdir þannig að uppi standi einn verðlaunagripur.“

Haukur segir keppnina litna mjög jákvæðum augum enda vekti hún athygli á gullsmiðum sem fagfélagi. „Og við látum vita af okkur

meira, að við séum nútímafagfélag. Það vill nefnilega brenna við að menn líti á gullsmiði sem eitthvað rötgróid sem ekkert breytist. En þetta er félag í stöðugri þróun og sífellt að koma með nýjungar í skartgripum og öðru slíku.“

Þá segir Haukur að þótt enn sé verið að nota í gullsmiði verkfæri sem í grunninn hafi verið óbreytt áratugum saman hafi tæknin einnig haldið innreið sína á margvíslegan máta. „Tölvutæknin er komin í þetta fag eins og annað. Þannig er hægt að nota ákveðin forrit til að hanna skartgrip sem síðan eru framleiddir í vaxi áður en til þess kemur að búa til mót til að steypa.“ Með þessu móti segir hann hægt að útfæra nýja gripi án mikillar vinnu og tilkostnaðar áður en að sjálfri smíðinni kemur.

Á næstu vikum segir Haukur svo að muni skýrast nánar hvaða fyrirkomulag verði á keppninni þar sem verða upp á sitt besta gullsmiðameistarar og -sveinar í faginu hér heima.

-ókd

# Íslandsmót þjónustuiðngreina endurvakin í haust

Íslandsmeistarakeppni í hárgreiðslu, snyrtingu og förðun hefur ekki verið haldin í tíu ár. Meistarafélög þessara iðngreina hafa haft áhuga á að endurvekja keppni sem þessa og við því verður orðið í september í samvinnu við Samtök iðnaðarins. Undirbúningur er þegar hafinn.

Samtök iðnaðarins og aðildarfélag efna í haust til Íslandsmeistaramóts þjónustuiðngreina. Um er að ræða stórvíðburð þar sem keppt verður á sýningu í margvíslegum greinum. Undirbúningur er þegar hafinn, enda að mörgu að hyggja. Þessa dagana er verið að kynna sýninguna fagfólki í iðngreinum, auk fyrirtækja og stofnana sem þeim tengjast.

Brynjar Ragnarsson, markaðsstjóri hjá Samtökum iðnaðarins, hefur vanda af undirbúningi bæði sýningar og keppni. Hann segir að sýningarhald sem þetta hafi tíðkast áður fyrir, en nú standi til að endurvekja það með miklum glæsibrag og hafa eftirléðis árvissan viðburð. „Þannig er þetta víðast hvar erlendis, í mjög föstu formi og eftir hefðum á hverjum stað,“ segir hann og býst við að keppnin hér vekji töluverða athygli. Aukinheldur veitir sigur hér heima þátttakendum keppnissrétt á mótum þjónustuiðngreina í útlöndum. „Svo er það nú bara þannig að í Evrópu er oft horft hingað heim eftir nýjungum, sérstaklega í þessum tiskugreinum. Við þykjum nefnilega svo fersk og ný í okkar framsetningu.“

Íslandsmeistarakeppni í hárgreiðslu, snyrtingu og förðun hefur legið niðri síðan árið 1997. Í stefnumótun Meistarafélags í hárgreiðslu og Félags íslenskra snyrtifræðinga hafa hins vegar komið fram skýrar óskir um að félögin, í samvinnu við Samtök iðnaðarins, efni til árlegrar landskeppni af þessu tagi sem jafnframt verði í tengslum við norrænar, evrópskar og alþjóðlegar keppni og félög á þessu sviði. Brynjar segir að í kjölfar þessara óska hafi samtökin unnið að undirbúningi nýrrar Íslandsmeistarakeppni sem haldin verði árlega í samvinnu við flestar greinar í þjónustuiðnaði innan Samtaka iðnaðarins. Félagin sem að keppninni koma eru Meistarafélag í hárgreiðslu, Félag íslenskra snyrtifræðinga, Klæðskera- og kjólameistarafélagið, Félag íslenskra gullsmiða og Ljósmyndarafélag Íslands.



Brynjar Ragnarsson, markaðsstjóri hjá Samtökum iðnaðarins, stillir sér upp á sýningu iðnnema í Kringlunni fyrir helgi.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Félögin eru ólík og því vanda verk að koma saman bæði keppni og sýningu. Þannig verður í haust keppt á staðnum í hárgreiðslu, snyrtingu og förðun þar sem bæði erlendir og innlendir fagmenn eru fengnir til að dæma afkrasturinn. Í vor og sumar efna hins vegar félög klæðskera- og kjólameistara, gullsmiða og ljósmyndara til samkeppna meðal félagsmanna sinna og verður útkoman sýnd og dæmd á mótinu.

Á Íslandsmeistaramótinu ber svo „Tískuteymi-SI“ hitann og þungann af hönnunar- og tískusýningu, en auk fagkeppnanna verður efnt til fjölbreyttra viðburða og sýningar í nýju Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardalnum.

Brynjar hefur annars verið á kafi í vinnu við sambærilega keppni þar sem nemendur í iðngreinum hafa keppt og sýnt verk sín í Kringlunni, en í sumar og haust eru það meistara og sveinar sem keppa í sínu fagi, bæði nýútskrifaðir og þeir sem reyndari eru. „Það er full þörf á keppni sem þessari, bæði til að vekja athygli á greininni og því sem vel er gert. Með því má sýna nemendum og öðrum fram á að fagmennskan skiptir meira máli en magnið, ef svo mætti segja.“ Þá standa vonir til þess að með keppnum á borð við þessa megi auka veg og vanda þjónustuiðngreina en iðnnám hefur þótt standa nokkuð höllum fæti við hlið bóknáms.

-ókd

## Samnorræn keppni ungs fólks

Meistarafélag í hárgreiðslu mun standa fyrir ýmiss konar uppákomum á Íslandsmóti meistara og sveina í þjónustuiðngreinum í byrjun september. Meðal annars er nú í fullum gangi undirbúningur á samnorrænni keppni undir nafninu „The Nordic Youth Skills“. Keppnin er ætluð ungu fólki sem vill ná árangri í sínu fagi. Jónína Sóley Snorradóttir, formaður Meistarafélags í hárgreiðslu, vonast til þess að þátttaka ungs fólks á Íslandi verði góð. Hún segir endanlega útfærslu keppninnar ekki enn ljósa. Það sem liggur þó ljóst fyrir er að þátttakendur verða að vera undir 24 ára. Auk íslenskra keppenda mun að minnsta einn keppandi frá hverju hinna Norðurlandanna spreyta sig í keppninni. Alþjóðlegir dómara munu svo skera úr um hver stendur sig best.

Auk þess að sjá um skipulagningu keppninnar er Meistarafélagið í hárgreiðslu nú í óðaönn við skipulagningu annarra viðburða og sýninga á Íslandsmótinu. Líklega munu hárvörubirgjar líka leggja sitt af mörkum. Enn er þó ekki komin endanleg mynd á með hvaða hætti það verður.



Jónína Sóley Snorradóttir, formaður Meistarafélags í hárgreiðslu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Íslandsmótinu lýkur svo með glæsilegu galakvöldi hinn 2. september. Það kvöld mun hefjast með því að valinn verður hárgreiðslumaður ársins, nýliði ársins, „avant garde“ ársins og fyrirtæki ársins. Þá er líklegt að sá meistari sem ber ábyrgð á þeim nema sem útskrifast með hæsta

einkunn fái viðurkenningu. Jónína telur að viðburður á borð við Íslandsmótið sé gríðarlega mikilvægur hárgreiðslufólki. „Það er heilmikið að gerast í hárgreiðslubransanum. Þetta er til þess fallið að fagfólk og annað áhugafólk um hárgreiðslu vakni og taki eftir því.“



**GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR ...**

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND- OG VATNSPÉTTING

---

PGV ehf. sérhæfir sig í smíði glugga, hurða, sólstofa og svalalokanna úr PVC-u

Öllum framleiðsluvörum PGV fylgir 10 ára ábyrgð

Gluggarnir eru viðhaldsfríir og á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnast viðhalds

PGV ehf. | Bæjarhrauni 6 | 220 Hafnaffjörður | Sími: 564 6080 | Fax: 564 6081 | www.pgv.is





Kerfisloft



Svalagler



Steypumót



Gámaeiningar



Stálgrindarhús



Felliveggir



Gler og glerlausnir



Hleðslubryr



Akturs- og iðnaðarhurðir

Ertu í framkvæmdahug?

# formaco

Fossaleyni 8 · 112 Reykjavík · Sími 577 2050 · Fax 577 2055 · [www.formaco.is](http://www.formaco.is) · [formaco@formaco.is](mailto:formaco@formaco.is)



Gluggar og hurðir



Girðingar



Stigar



Kranar og vinnulyftur





**GLÓFAXI HF.**  
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

### BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

### Hawa Gler-rennibrautir



Hawa Junior 80 eru glæsilegar rennibrautir fyrir 8-10-12 mm hert gler eða timburhurðir. Eigum einnig rennibrautir frá **GEZE** fyrir skápa og tréhurðir.

Útvegum hert gler eftir máli..

**JARN&GLER**

Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h.  
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík  
S: 58 58 900. [www.jarn&gler.is](http://www.jarn&gler.is)

## Sóluskálar - Garðhús

Yfir 20 ára reynsla



Íslensk framleiðsla  
Íslensk hönnun  
Sérsmíði

[www.solskalar.is](http://www.solskalar.is)  
[solskalar@solskalar.is](mailto:solskalar@solskalar.is)  
Sími: 514 4500 - Smíðuhúsið 10 - 210 Garðabær

**GLUGGAR  
GARÐHÚS &  
ehf.**

## VÍKURVAGNAKERRURNAR ÞESSAR STERKU



Allar gerðir af kerrum  
Allir hlutir til kerrusmíða



Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27  
Sími 577 1090 • [www.vikurvagnar.is](http://www.vikurvagnar.is)

# Með keppninni er staðinn vörður um menntunina

Formaður Félags snyrtifræðinga segir ekki vanþörf á að kynna fag félagsins og upplýsa fólk um hvers konar nám liggja að baki. Bæði muni það auka skilning almennings og ráðamanna á gildi iðnnáms.

„Tími var kominn til að auglýsa fagið,“ segir Hildur Erna Inga-dóttir, formaður Félags íslenskra snyrtifræðinga, um þátttöku félagsins í Íslandsmeistaramóti Samtaka iðnaðarins og þjónustuiðngreina 2007 sem fram fer dagana 1. og 2. september í haust.

Hildur Erna gerir ráð fyrir spennandi keppni auk þess sem settir verði upp á sýningarsvæðinu básar og kölluð til fyrirtæki sem tengjast snyrtifræðinni. „Við erum þessa dagana að fara að senda út upplýsingar og auglýsa meðal aðildarfyrirtækjanna,“ segir hún.

Ekki er samt búið að ákveða nákvæmlega í hverju verður keppt á sýningunni í haust, en snyrtifræðin keppir á staðnum, meðan haldnar verða forkeppnir hjá sumum öðrum þjónustufyrirtækjum. Lítil vandkvæði eru víst að fá fólk til að lita eða plokka í keppnum sem þessum, að sögn Hildar. Þá skiptir ekki máli þótt viðfangsefnið sé ólík þegar kemur að dómgæslunni því þar er horft til ákveð-



Hildur Erna Inga-dóttir er formaður Félags íslenskra snyrtifræðinga. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

inna hluta, svo sem vinnubrögð. „Í litun og plokkan er til dæmis horft til þess hvernig litur er borinn á, hvort mikið er sulað út fyrir og þar fram eftir götunum. Í nuddinu er svo aftur horft til hreyfinganna, hvort þær séu taktfastar, hversu þéttar strokur eru og þess háttar. Það er enginn vandi að sjá út góða fagaðila.“

Hildur Erna segir að þeir sem þátt taki í sýningunni og keppninni séu í fyrsta lagi fyrirtæki sem aðild eigi að Samtökum iðnaðarins. „Svo verður þetta náttúrulega opið fyrir alla aðila aðra, meistara og sveina á þessum sviðum, hvort sem það er í snyrtingu, hárgreiðslu eða því tengdu.“

Viðburður sem Íslandsmót meistara og nema segir Hildur að verði gríðarleg kynning á faginu

og ekki sé vanþörf á. „Við fórum í stórt markaðsátak á síðasta ári þar sem snyrtifræðingar auglýstu sig sem bæði faglega og löglega, enda höfum við þurft að eiga við mikið af svartri starfsemi.“ Hún segir tíma hafa verið kominn til að auglýsa fagið og standa vörð um menntunina sem að baki liggir. „Ansi algengt er að fólk líti á bóknaðið sem miklu meira nám en verknámið þegar í verknáminu krefst kunnáttu bæði í að læra á bókina og í að framkvæma hlutina. Því miður gleymist það ansi oft, líka hjá ráðamönnum þjódarinnar,“ segir hún, en kveður að sem betur fer sé að verða nokkur viðhorfsbreyting til verknáms. Þar geti keppnin í haust bara hjálpað til.

- Óká



Selma Ragnarsdóttir, formaður Klæðskera- og kjólameistarafélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Keppt í kjólasaumi

Klæðskera- og kjólameistarafélagið stendur fyrir keppni meðal íslenskra klæðskera- og kjólameistarana á Íslandsmóti meistara og sveina. Enn er ekki kominn fullkomin mynd á fyrirkomulag keppinnar en líkast til verður keppt í nokkrum flokkum, eins og kvenfötum, karlmannsfötum og samkvæmisfatnaði. Gera má ráð fyrir að um tuttugu keppendur komi frá Iðnskólanum í Reykjavík þar sem greinin er kennd. Hugsanlega verður nemendum annarra skóla boðið að taka þátt, þótt stjórn Klæðskera- og kjólameistarafélagsins hafi ekki tekið ákvörðun um það enn.

Auk keppinnar munu tíu sveinar og meistara standa fyrir sýningu á sinni vinnu. Hugsanlegt er að það verði gert í samstarfi við svokölluð tískuteymi. Slík teymi hafa verið skipulögð af Samtökum

iðnaðarins. Þau eru skipuð fagfólki úr Klæðskera- og kjólameistarafélaginu, Félagi íslenskra gullsmíða, Úrsmíðafélagi Íslands, Félagi íslenskra snyrtifræðinga, Meistarafélagi í hárgreiðslu og Ljósmyndarafélagi Íslands ásamt fulltrúa Leðuriðjunnar Atson. Tískuteymi vinnur þá með eina manneskju og býr til heildarútlit á hana.

Selma segir að keppni af þessu tagi og sýningar almennt skipti greinina mjög miklu máli. „Það liggur gríðarleg vinna að baki keppni á borð við þessa. En þeir sem taka þátt fá það margfalt til baka með kynningu og reynslu. Það á jafnt við um nemana sem eru að keppa og meistara.“ Hún segir þetta ekki síður góðan vettvang til að aðgreina klæðskera- og kjólameistara frá fatahönnuðum, sem oft sé ruglað saman. „Fatahönnun er önnur faggrein.“ Klæðskeri

## Mynda alla keppnina

Ljósmyndarafélag Íslands efnir til tvenns konar viðburða meðal félagsmanna sinna á Íslandsmóti meistara og sveina í þjónustuiðngreinum.

Annars vegar verður keppt í myndatökum af hárgreiðslumóti Meistarafélags í hárgreiðslu sem Gunnar Leifur Jónsson stendur yfir á sama tíma. Ljósmyndararnir munu mynda alla keppnina í bak og fyrir með stafrænum myndavélum. Efnid verður svo unnið beint í tölvum sem settar verða upp á staðnum. Áhorfendur geta þá fylgst með ljósmyndunum að störfum og séð með eigin augum hvað er mögulegt að gera við myndir. Til dæmis að taka út misjöfnur sem ekki eiga heima á andlitum eða líkómum fullkominna fyrirsætna. Stór sýning verður sett upp í tengslum við hárgreiðslukeppnina. Samhliða keppninni verður haldin sýning á verkum félagsmanna.

Gunnar Leifur Jónsson er formaður Ljósmyndarafélags Íslands, fagfélags iðnlærðra ljósmyndara. Gunnar segir Íslandsmótið mikilvægan vettvang fyrir atvinnuljósmyndara. Þangað geti venjulegt fólk komið og séð svart á hvítu af hverju það á að skipta við faglærða frekar en ófaglærða ljósmyndara. Þá segir Gunnar jákvætt að iðnmenntað fólk úr mismunandi greinum vinni saman, eins og á Íslandsmótinu.



Gunnar Leifur Jónsson





## KERTO LÍMTRÉ

**Finnsk gæðavara**

**Létt og meðfærileg**

**Hátt brunapol**

**Hæð eftir óskum**

**Lengd allt að 23 m.**

**Alltaf til á lager**

**16% meira eldþol**

**20% meira brotþol**



Söluaðilar um allt land



### **KERTO LÍMTRÉ býður upp á ýmsa möguleika.**

KERTO LÍMTRÉ er frá Finnlandi og hefur verið á markaði á Íslandi frá árinu 1981.

KERTO LÍMTRÉ er það hagkvæmasta og besta sem notað er sem burðarbitar.

KERTO LÍMTRÉ getur sparað verulega fjármuni í burðarvirki þar sem þaksperrur fara yfir 5 metra í lengd, þá er notað KERTO LÍMTRÉ í stað hefðbundinna þaksperra og losnað við burðarbita og súlur.

Einnig er KERTO notað í milliveggjastoðir.

KERTO LÍMTRÉ, eitt það besta í tré, til nýbygginga og viðhalds.





„Ertu ánægð með útkomuna?“



Einbeitingin skín úr andliti þessa unga hárgreiðslunema.

# Iðnnemar gera betur

Íslandsmót iðnnema, Gerðu betur, var haldið síðastliðinn föstudag í Kringlunni.

Á Degi iðn- og starfsmenntunar, hinn 23. mars, fór fram árlegt Íslandsmót iðnnema í Kringlunni. Keppt var í ellefu iðngreinum allan daginn og tókst það mjög vel til.

Nemar í stálsmíði smíðuðu grill, dúkleggjarar skáru út mynd á gólfi Kringlunnar og hárgreiðslunemar klipptu og greiddu

gínunum. Nemar í rafvirkjun tengdu í töflu, málaranemar sýndu stílmálningu, trésmíðanemar smíðuðu dúkkuhús, snyrtifræðinemar snyrtu og förðuðu og nemar í múrverki sýndu listir sínar í flísalögn. Nemar í pípulögnum settu saman rör og grafískir miðlarar og ljósmyndarar hönnuðu veggspjald.

Íslandsmótið var ætlað iðnnemum 22 ára og yngri en í lok dags voru verk nemanna dæmd og veitt verðlaun í hverri deild fyrir sig.

Einbeittur málaranemi að störfum.



#### HÁRSNYRTING:

Guðrún Soffía Ólafsdóttir, Iðnskólánum í Reykjavík

#### TRÉSMÍÐI:

Einar Birkir Sveinbjörnsson, Menntaskólanum á Ásafirði

#### DÚKLAGNIR:

Sigurjón Ari Reynisson, Iðnskólánum í Reykjavík

#### MÁLUN:

Gunnar Guðjónsson, Iðnskólánum í Reykjavík

#### SNYRTIFRÆÐI:

Katrín Ósk Gunnarsdóttir, Fjölbautaskólánum í Breiðholti

#### PÍPULAGNIR:

Jón Ævar Tómasson, Iðnskólánum í Hafnarfirði

#### MÚRVERK:

Jón Hrafn Karlsson, Iðnskólánum í Reykjavík

#### RAFVIRKJUN:

Sigurður Hólmar Guðmundsson, Fjölbautaskóla Suðurnesja

#### STÁLSMÍÐI:

TIC-suða: Jevgenis Guls, Fjöltækniskóla Íslands

Pinn-suða: Jevgenis Guls, Fjöltækniskóla Íslands

Logsuða: Elvar Þór Helgason, Verkmenntaskólanum á Akureyri

#### MÁLMSUÐA:

Jevgenis Guls, Fjöltækniskóla Íslands

#### GRAFÍSK MIÐLUN:

Jón Cleon Sigurðsson, Iðnskólánum í Reykjavík

#### LJÓSMYNDUN:

Valdís Þórdardóttir, Iðnskólánum í Reykjavík



Grillið kemur vel til hjá þessum nema í stálsmíði.



Nemar í grafískri miðlun hanna veggspjald.

## TILBOÐ Á TRÉSMÍÐAVÉLUM *MiniMax*



### S 45 Bandsög

Verð áður: 231.900  
Verð nú: 194.593



### Rennibekkur T 124

Verð áður: 225.345  
Verð nú: 159.360  
Með copy unit: 225.345



### C26sambyggð trésmíðavél

Basic útgáfa Verð áður: 404.625 Verð nú: 343.620  
Deluxe útgáfa Verð áður: 466.875 Verð nú: 397.155

Sög fræsari og hefill  
Hallanlegt sagarblað  
3 x 2hp mótórar  
Eins fasa/þriggja fasa

Öll verð eru með vsk

10% afsláttur af öllum öðrum Minimax vélum.

Eigum mikið úrval af nýjum og notuðum vélum á lager



# FOSSBERG

**Afmælis  
tilboð**

**EJ 117**

**Geitaskinn í hæsta  
gæðaflokki  
Flísfóðraður**

**ejendals  
TEGERA**



- Franskur rennilás
- Sérlega mjúkur og lipur
- Fellur sérlega vel að hendi
- Hlýr og góður

Verð: 695 kr.

Alhliða gæða vinnuhansi Stærðir: 6,7,8,9,10 og 11 Pakkn.12/60  
Fingralipur og þjáll

**EJ 880**

**Alhliða gæðahansi**



- Vinyl-dýfður nylonhansi
- Mjög slitsterkur
- Mjög gott grip mikil fingranæmni

Verð: 299 kr.

Frábær hansi fyrir t.d. smiði og iðnaðarmenn.  
Stærðir: 6, 7, 8, 9, 10 og 11  
Pakkn.12/120

1927 **80** ára 2007

**EJ 9105**

**ejendals  
TEGERA**



**Hansi í hæsta gæðaflokki** Verð: 795 kr.

- Microtan / Nylon, Polyester
- Franskur rennilás
- Endurskinsrendur
- Sérlega mjúkur og sterkur
- Fellur frábærlega vel að hendi
- Má þvo á 40° hita
- Sérlega gott grip í bleytu
- Efni sem andar (Breathable)

Alhliða gæða vinnuhansi Stærðir: 6,7,8,9,10 og 11  
Pakkn.6/60 Fingralipur sterkur og þjáll

**Fin**  
LOFTPRESSA  
**Flash Air olíufri**  
Vörunúmer: Fini-615HJ00012

- Kútur 0 lítrar
- Mótörstærð 0,6 kW 1x12 V
- Þrýstingur 8 bör
- Loftflæði inn 166 l/mín

Tilboðsverð **29.900 kr.**

**Bandsög  
Optimum S275G**

Vörunúmer OM3300275

- Sagar 90° öxla 225mm
- Sagar 90° ferk. 245x180mm
- Sagar 45° öxla 160mm
- Sagar 45° ferk. 160x160mm
- Sagar 60° öxla 100mm
- Sagar 60° ferk. 100x100mm
- Blaðstærð 2480x27x0,9mm
- Mótör 400V - 1,1kW
- Glussastýrð niðurfærsla
- 2ja hraða

Tilboðsverð: **249.995 kr.**

**Segulborvél  
EUROBOOR ECO 32**  
Vörunúmer EURECO32



- Hæð vélar 370 mm
- Breidd 110 mm
- Lengd 240 mm
- Borfærsla 150 mm
- Þyngd 11 kg
- Stærð seguls 80x160 mm
- Togkraftur seguls 1400 kg
- Heildarafli 1010 w

Verð: 109.995 kr

**Flöskutjakkar**

2-5-10-20-50-100 tonn



**Kranzle**



**Kranzle  
Háþrýstidæla  
195TST**

Vörunúmer KRA412052

- Þrýstingur 10-180 bör
- Hámarksþrýstingur 190 bör
- Flæði vatns 7,5 l/mín

Verð: 114.995 kr.



**Herslulykill  
loft 1/2"**

**Nýr harðjagl  
RDRC2760**

Herslulykill 1/2"  
Hersla:1350NM  
Tilboð: 22.900 kr.

Hjólátjakkur  
3 tonn  
Vörunr. RODEQ3005  
Tilboð: 14.995 kr.



**Bandslípivél**

**MBSM 75**



**Bandslípivél**  
Vörunúmer OM3321075

- Bönd 75x2000
- 3 kw 3ja fasa
- 1 hraði

Tilboðsverð:  
**109.995 kr**

**STAHLWILLE**

**Verkfæravagn  
m/verkfærum**  
Vörunúmer ST98811520  
Verð: 129.995 kr.

Skiptilyklar  
6" • 8" • 10"  
Verð: 7.995 kr.

Fastlyklar  
10 • 13 • 17 • 19  
Verð 3.995 kr.

Fylgir með þegar þú verstar  
Stahlwille fyrir 5.000,- eða meira

**Sexkantasett  
1,5-10mm**  
Vörunúmer ST96432601  
Verð: 2.495 kr.

Skrall  
Vöru.nr. ST13110010  
Verð: 6.495 kr.

Öfuguggasett  
Vöru.nr. ST96713025  
Verð: 9.995 kr.

**SÉRVERSLUN  
FAGMANNSINS**

Sími 5757 600 • Fax 5757 605 • Dugguvogi 6 • 104 Reykjavík  
fossberg@fossberg.is • www.fossberg.is



# Íslenskar leðurvörur í sjötíu ár

Leðuriðjan Atson á sér sérstaka sögu. Þetta sjötíu ára gamla fyrirtæki framleiðir úr fiskroði og er meðal annars í samkeppni við kínverska framleiðslu.

Leðuriðjan Atson var stofnuð árið 1936 af Atla R. Ólafssyni, sem rak fyrirtækið allt þar til hann lést árið 1985. Nú er fyrirtækið rekið af dóttur Atla, Edda Hrönn, sem er bæði hönnuður og framkvæmdastjóri. Fyrr á árum framleiddi Leðuriðjan mikið af kventöskum og innkaupatöskum, en síðar var lögð meiri áhersla á seðlaveski og smávöru.

Fyrirtækið er það gamalt að sumar vörur þess eru geymdar á Árbæjarsafni. Í árdaga fyrirtækisins voru mikil höft á innflutningi til landsins og þótti þá ákveðinn ljómi yfir útlenskri vöru, en fólk var með fordóma gegn þeirri íslensku. Þá datt Atla það þjóð-

rád í hug að gefa aðalvörumerki Leðuriðjunnar nafn sem hljómaði útlenskt; hann skeytti saman At úr sínu eigin nafni og son frá Ólafsson, og þá voru orðnar til Atson leðurvörur, sem hafa selst ágætlega í gegnum tíðina.

Edda Hrönn, núverandi eigandi, treystir því nú samt að það hafi verið gæðin frekar en nafnið sem gerðu það að verkum að Atson seldist vel.

„Nafnið var búið til svo fólk hugaði ekki með sér að vörurnar væru íslenskar og fylltist þannig af fordómum. Frekar vildum við að það hugsaði: mikið er þetta fínt! en áttaði sig síðan á því að þetta væri íslenskt. Síðan auglýsti pabbi að leðuriðjan væri með Atson-umboðið, því hann var jú með umboð fyrir sinni eigin vöru. Það þótti svo voðalega fínt að vera með umboð,“ segir Edda Hrönn kímín. „Þó höfum við alltaf sagt stolt frá því að þetta væri íslenskt. Áður hafði fólk for-

dóma gagnvart íslenskri framleiðslu, en mér finnst eins og núna finnst fólk það vera plús.“

Hjá Leðuriðjunni vinna sex til tíu konur að öllu jöfnu. Þær framleiða mikið af kortaveskjum og seðlaveskjum, og sífellt færast í aukana að notast sé við fiskroð, sem er dýrt hráefni og dýrt í vinnslu. Þeir fiskar sem eru svo heppnir að vera nýttir í veski eru hlýri, lax og karfi en þorskur er enn á tilraunastigi hjá Atson.

Fyrirtækið gengst nú undir heilmiklar breytingar og áhersla á nýjar vörulínur er að aukast. „Við ætlum til dæmis að kynna nýja lúxuslínu í vor sem markar viss tímamót. Í henni verða skartgripir, töskur og fylgihlutir,“ upplýsir Edda Hrönn.

Spurð hvort ekki sé erfitt að standa í svona framleiðslu á Íslandi segir Edda Hrönn: „Það er mjög hörð samkeppni, og ég get eiginlega ekki keppt við verðið á því sem er framleitt

í Kína. Það kom viðskiptavinur hérna um daginn, ægilega

hreykinn og hróðugur að vera með veski



Edda Hrönn Atladóttir ásamt dóttur sinni í Leðuriðjunni Atson.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

frá mér sem hann fékk hjá ákveðinni fjármálastofnun í Reykjavík. Hann sýndi mér það og jú, það var veski sem ég hafði hannað og framleitt í mörg ár, en það var ekki saumað af mér heldur gert í Kína. Það er dálítið spælandi, en þetta er náttúrulega góð hönnun, það er ekki spurning. Yfirleitt hafa það þó verið heildsalrar sem hafa stolið sniðinu og sent það út til framleiðslu. Sjálf er ég opin fyrir þeim möguleika að leita út, en mér finnst bara svo gaman að framleiða og hanna að ég mun aldrei hætta því. Annars hætti ég í þessum business. Mér finnst skemmtilegt að búa til verkferla og láta þetta gerast hér.“

Blaðamaður hefur haft veður af því að Edda Hrönn eigi kúntugan kött og stenst ekki mátið að spyrja um hann. Kemur þá upp úr kafinu að kisi stjórnar fjölskyldunni harðri hendi, rekur fólk í rúmið og á fætur. Á honum haldast engar ólar, hvort sem þær eru aðkeyptar eða sérsniðnar og styrktar í leðuriðjunni. Hann gengur í gegnum veggi, því ómögulegt er að loka hann neins staðar inni, hann kemst alltaf út og enginn getur útskýrt það. „Ég er staðráðin í að flá hann og setja rennilás á vömbina þegar hann er dauður. Nei, ekki skrifa það! Ég meina það ekkert, en hótta honum því stundum þegar hann er leiðinlegur.“

-nrg



## Geislandi gott samstarf

„Það er mikið átak að byggja upp röntgendeild með fullkomnum tækjum. Frábært starfsfólk Lýsingar hefur staðið með okkur í því í einu og öllu. Þekking þeirra, hlýlegt viðmót og skjót úrlausn mála eru okkur mjög mikils virði.“

Einfríður Árnadóttir röntgenlæknir, Röntgen Orkuhúsið

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir

**LÝSING**

LYSING.IS // 540 1500



## Námskeið á vegum Iðunnar

### ● KENNSLA Á VINNUSTAD

Meginmarkmiðið er að auka færni kennara á vinnustað. Fjallað verður um skipulag vinnustaðanáms með hlidsjón af ferilbókum greinanna og um ávinning af innleiðingu ferilbóka. Þátttakendur fá þjálfun í kennslufræði vinnustaðanáms auk viðtals- og samskiptatækni. Námskeiðið hefst 13. apríl að Hallveigarstíg.

### ● FÆÐUÓPOL OG FÆÐUOFNÆMI

Tilgangur námskeiðsins er að upplýsa þátttakendur um fæðuofnæmi og fæðuópol, ein-kenni og meðferð. Fjallað verður um helstu fæðuofnæmisvaka og úrræði hvað varðar fæðismeðferð og matreiðslu. Námskeiðið hefst hinn 26. apríl í Hótel- og matvæla-skólanum.

### ● MATREIÐSLA Á GRÆN-METISFÆÐI

Grunnnám-skeið í matreiðslu á grænmetisfæði. Matreiddir eru grænmetisréttir þar sem aðaluppistaðan er ferskt grænmeti, kryddjurtir, baunir og linsur. Kynntar verða ýmsar matvörur sem eru algengar í matreiðslu grænmetisfæðis, líkt og tófú, sojakjöt, bankabygg, baunir, linsubaunir og kúskús. Farið verður yfir notkun krydda og kryddjurta og ýmsar eldunaraðferðir kynntar. Námskeiðið hefst hinn 17. apríl í Hótel- og matvæla-skólanum.

### ● HLJÓÐ OG HLJÓÐDEYFING Í LOFTRÆSTIKERFUM

Farið er yfir helstu fræðilega þætti varðandi hljóð. Þá er farið í einfalda hljóðútreikninga og síðan fjallað um uppruna hljóðs í loftræstikerfum og aðgerðir gegn hljóðmyndun. Námskeiðið er nauðsynlegt fyrir alla sem fást við hönnun og uppsetningu loftræstikerfa. Námskeiðið hefst hinn 30. apríl að Hallveigarstíg 1.

### ● GIFSVEGGIR

Á námskeiðinu er fjallað um uppbyggingu gifsveggja. Farið í uppsetningu gifsveggja og vinnuaðferðir við klæðningu með gifspötum. Kynntir hljóðeinangrandi gifsveggir. Kynnt klæðningarefnið gifs, verkfæri, festingar og hjálpartæki. Námskeiðið hefst hinn 14. apríl og er haldið að Skipagötu 14 á Akureyri.

### ● HJÓLASTILLINGAR OG BÚNAÐUR

Námskeiðið skiptist í nokkra þætti. Farið er yfir uppbyggingu hjólabúnaðar og hjólahorna og framkvæmd skoðunar og stillinga á hjólabúnaði. Gert er mat á hugsanlegum skekkjum í burðarvirki og farið yfir útfyllingu hjólastöðuvottorðs. Áhersla er lögð á verklegar æfingar. Námskeiðið hefst hinn 4. maí í Bilgreinahúsinu.

### ● ÖKURITAR 1

Námskeiðið skiptist í nokkra þætti. Farið er ítarlega í virkni og prófanir ökurita og lestur aksturskorta. Farið yfir útfyllingar úttektarblaða og merkingar ökurita. Fjallað verður um innsigli og um lög og reglur er fjalla um ökurita og notkun þeirra. Námskeiðið hefst hinn 12. apríl í Bilgreinahúsinu.

Nánari upplýsingar á [www.idan.is](http://www.idan.is)

## Bókaútgefendur leita út fyrir landsteinana

Samtök iðnaðarins kynntu í byrjun október í fyrra íslenskan prentiðnað á árlegri bókasýningu í Frankfurt, Frankfurter Buchmesse. Sýningin er sú stærsta sinnar tegundar í heiminum en kynningin á íslenskum prentiðnaði fór fram á kynningarbás Félags íslenskra bókaútgefenda.

Í tilefni sýningarinnar var hrint af stað vefsíðunni [www.si.is/icelandprint](http://www.si.is/icelandprint). Þar má finna ýmsar

upplýsingar á ensku um íslenskan prentiðnað og fyrirtæki sem starfa innan geirans á Íslandi. Væntanlega munu Samtök iðnaðarins þróa þessa hugmynd frekar fyrir bókasýninguna í Frankfurt sem haldin verður í október á þessu ári.

Bókasýningin í Frankfurt á sér langa sögu. Árið 1949 fór fyrsta eiginlega sýningin fram en þó má segja að sagan nái nærri 500 ár aftur í tímann, til þess þegar

Johannes Gutenberg umturnaði prentiðninni. Síðan þá hefur Frankfurt og svæðið um kring ein-kennst af grósku í bókaútgáfu og prentiðnaði.

Vefsíðan [www.si.is/icelandprint](http://www.si.is/icelandprint) var sett á laggirnar í tilefni bókasýningar í Frankfurt.



010100101010

0101010ATGC10101010ATGC

1010ATG

01010A

10ATG

01010101010ATGC1010

01010ATGC10ATGC0

0101010ATGC

010ATGC1010

ATGC01010A

# Framtíðin er í okkar höndum



## Framtíðin felst í hátækni

Sjá áskorun til ríkisstjórnarinnar og stefnu SI og tillögur á [www.si.is](http://www.si.is)

# SI

Samtök iðnaðarins



# Fyrsta konan í stjórn Málms

Auður Hallgrímsdóttir var nýlega kosin í stjórn Málms, samtaka fyrirtækja í málm- og skipaíðnaði. Hún er fyrsta konan til að gegna því starfi og finnst sumum að þar hafi síðasta karlavígið fallið. Auður hefur rekið Járnsmiðju Óðins ásamt eiginmanni sínum síðastliðin tuttugu ár. „Maður hefur auðvitað mikinn áhuga á málefnum málmsmíði á Íslandi og vill að vegur þess iðnaðar sé sem mestur og bestur. Ekki vil ég nú taka undir það að þarna hafi fallið eitt hvert karlavígi, hins vegar er það mikil framsýni að vilja fá konur í stjórn hjá félagi þar sem mjög fáar konur eru félagsmenn,“ segir Auður og bætir við að karlarnir í stjórninni hafi allir komið til sín og boðið sig hjartanlega velkomna á fyrsta fundinum. „Ég upplifði þá

alla mjög jákvæða og hlakka til að vinna með þeim. Það liggur í hlutarins eðli að hver einstaklingur hefur mismunandi sýn á hlutina og konur hafa kannski öðruvísi sýn en karlar, og þess vegna geta karlar og konur gert svo mikið af flottum hlutum saman. Þetta er augljóslega framsýnt félag sem vill gera hlutina betur.“

Sjálf vinnur Auður ekki „á gólfinu“ eins og talað er um, heldur kemur hún aðeins að rekstri og stjórnun. Hins vegar vinnur dóttir hennar við málmsmíði. „Hún er alveg á fullu að logsjóða og skera, þannig að konur geta alveg unnið í þessu. Maður þarf ekkert endilega að vera líkamlega sterkur, heldur handlaginn. Til að starfa í þessu þarf einfaldlega að vera góður handverksmaður.“



Auður Hallgrímsdóttir ásamt dóttur sinni Hallgerði Kötu Óðinsdóttur málmíðnaðarkonu.

FRETTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Konukvöld Fjarðar

Miðvikudaginn 28. mars frá kl. 20-23

Kynnir  
Anna Björk Birgisdóttir

Gestir  
Lalli Grínari  
Siggi og Sara Gullverðlaunahafar  
í latín dönsum á Kobenhagen open

Við ætlum að taka vel á móti konum og bjóða góð tilboð í tilefni dagsins, einnig verður flott tískusýning. Fyrst og fremst ætlum við að skemmta okkur saman.

ANAS

MAMBO

BETRA  
ÁLVER  
ALCAN

Respekt  
Ískuvara

EURO SKO  
Firði Hafnarfirði S: 555-4420

FJÖRÐUR

Mind

Twizzt

Dalakofinn

Konur mætum  
og skemmtum okkur saman.

## Ryki slegið í augu áhorfenda

Samtök iðnaðarins sendu frá sér yfirlýsingu í síðustu viku varðandi sjónvarpsauglýsingar Framtíðarlandsins, sem berst gegn stækkun álvers í Hafnarfirði. Vilja samtökin meina að ryki sé slegið í augu fólks.

Segir meðal annars að þó að rétt sé að halda því fram að þrjátíu prósent af allri álframleiðslu fari í einnota umbúðir sé það mikil einföldun og gefi ranga mynd af eiginleikum áls til endurvinnslu.

Um sextíu prósent alls þess áls sem notað sé í einnota umbúðir sé endurunnið. Hlutfallið sé mjög breytilegt eftir löndum, allt frá 25 prósentum sums staðar í Evrópu upp í áttatíu prósent hér á landi. Þetta þýði að stærstur hluti þess áls sem notað er í umbúðir stuðli að orkusparnaði til framtíðar. Það sama verði ekki sagt um margar aðrar gerðir umbúða.

Þá segir í yfirlýsingunni: „Notkun áls í heiminum nam um 63,9 milljónum tonna árið 2005. Framleiðslan í heiminum það ár var hins vegar 31,6 milljónir tonna. Þetta þýðir að 32,3 milljónir tonna voru endurunnið ál. Í reynd eru um 75% af öllu því áli, sem framleitt hefur verið frá upphafi, enn í notkun. Þetta má fá staðfest hjá Global Aluminium Recycling, GARC.“

Samtök iðnaðarins hafa áður lýst efasemdum um fyrirhugaða atkvæðagreiðslu í Hafnarfirði um stækkun álvers í Straumsvík. Ekki af þeim sökum að samtökin séu á móti lýðræðislegum vinnubrögðum, heldur af því að í þessu tilviki sé um að ræða þvingjandi afturvirkar reglur sem eru settar eftir að Alcan hóf undirbúning stækkunar á grundvelli gildandi leikreglna.



Framtíðarlandið berst gegn stækkun álversins og hefur látið gera sjónvarpsauglýsingar til þess.

# Hardox plötur

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

Margföld ending og slitþol!

- Slitplötur í miklu úrvali
- Niðurefnun og efnissala
- Smíði úr Hardox

A góðum járnnum



HÉÐINN

Stórárs 6 • IS-210 Garðabæ  
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is





# Austurland tækifæranna



## Tækifæri til að nýta og njóta

Á Mið-Austurlandi er að myndast öflugur byggðaklasi í skjóli einstakrar náttúru, friðsæll og fjölskylduvænn staður. Meira en þúsund ný framtíðarstörf bjóðast fólki með margs konar menntun og reynslu. Með eflingu atvinnulífs og fjölgun íbúa skapast fjölbreytt viðskiptatækifæri fyrir hugmyndaþríka frumkvöðla.

Sveitarfélög á Mið-Austurlandi hafa kostað kapps um að styrkja innviði samfélagsins og hundruð nýrra íbúðarhúsa eru að rísa. Á svæðinu er yfirbyggður knattspyrnuvöllur, glæsilegar útisundlaugar og frábært skíðasvæði. Þjónusta á Mið-Austurlandi færir stöðugt nær því sem gerist á höfuðborgarsvæðinu og neytendur hafa úr mörgu að velja. Samgöngur til og frá svæðinu eru góðar, á landi, í lofti og á sjó.

Tækifæri til hvers konar útivistar eru fjölmörg. Fallegar gönguleiðir eru við hvert fótstígi, stærsti skógur landsins og góðir hálendisvegir. Hægt er að stunda hvers kyns veiðar, hestaþróttir njóta vaxandi vinsælda og golfurum fjölga stöðugt. Einnig bjóðast frábær tækifæri til afþreyingar, listirnar dafna og íþróttastarfsemi er öflug.



## Gríptu þitt tækifæri

Hjá Fjarðaáli er nú búið að ráða hátt í 300 starfsmenn og við leitum enn að fólki sem vill starfa með okkur, að konum jafnt sem körlum. Konur er nú um þriðjungur starfsmanna hjá Fjarðaáli og hlutfall kvenna af starfsmannafjölda í álveri er hvergi í heiminum jafnhátt.

## Síðustu 100 störfin í boði

### Framleiðslustarfsmenn

Okkur vantar fleiri eldhressa starfsmenn í álframleiðslu og málmvinnslu. Til framleiðslustarfsmanna eru ekki gerðar ákveðnar kröfur um menntun eða kunnáttu. Allir fá viðamikla þjálfun og fræðslu í fyrirtækinu. Verkefni hvers starfsmanns verða fjölbreytt og mikið er lagt upp úr starfsþróun og símenntun.

### Rafiðnaðarmenn og véliðnaðarmenn

Við leitum að faglærðum rafiðnaðarmönnum og véliðnaðarmönnum til að sinna viðhaldi tækja og búnaðar í hátæknivæddu álveri Fjarðaáls. Hjá fyrirtækinu verða um 120 tæknimenntaðir starfsmenn. Faglegur metnaður og stöðug þróun verða leiðarljós okkar inn í framtíðina.

Öll störf henta bæði konum og körlum.

Umsóknarfrestur er til og með 2. apríl.

Viðkomandi munu hefja störf á næstu sex mánuðum.



Hægt er að sækja um störf hjá Alcoa Fjarðaáli á [capacent.is](http://capacent.is) (áður IMG-Mannafl). Nánari upplýsingar fást á [www.alcoa.is](http://www.alcoa.is) og hjá Sigurlaugu Þorsteinsdóttur ([sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is](mailto:sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is)) og Helgu Snædal ([helga.snaedal@capacent.is](mailto:helga.snaedal@capacent.is)) hjá Capacent í síma 540 1000.





Mikil þekking og reynsla hefur skapast á sviði framleiðslutækni og þjónustu við lagnamarkaðinn hjá röraverksmiðju SET á Selfossi. Fyrirtækið framleiðir og selur foreinangruð rör til hitaveitilagna, plaströr til vatns- og fráveitilagna auk hlífðarröra fyrir raf- og símastrengi. Frá upphafi hefur SET lagt áherslu á fyrsta flokks þjónustu, hátt tæknistig, framleiðni og gæðavitund.



SET ehf. Röraverksmiðja • Eyravegur 41 • 800 Selfoss

Sími: 480 2700 • Fax: 482 2099 • Netfang: set@set.is • Vefsíða: http://www.set.is

## Evrópustaðlar í byggingavörum

Innan tíðar ber framleiðendum byggingavara að CE-merkja framleiðslu sína. Æ fleiri samræmdir staðlar berast frá Evrópusambandinu fyrir byggingavörur. Til að standast kröfurnar í viðeigandi staðli þurfa framleiðendur því að hefja undirbúning að skjalfestri framleiðslustjórnun.

Til að leiðbeina fyrirtækjum




Vefsíðan [www.si.is/ce](http://www.si.is/ce) leiðir framleiðendur skref fyrir skref í gegnum frumskóg CE-staðlanna.

um hvernig hoga beri merkningum framleiðsluvara og upplýsa um hvaða reglur gilda hafa Samtök iðnaðarins opnað vefsetur á slóðinni [www.si.is/ce](http://www.si.is/ce)

Þar er á ferðinni gagnlegur gátlisti sem í rökréttari röð inniheldur upplýsingar og staðreynd-

ir sem eru til þess fallnar að veita framleiðendum og birgjum djúpan skilning á CE-stöðlum með stuðningi raunverulegra dæma.

Gátlistinn hefst á fróðleik og staðreyndum og endar á faglegum upplýsingum og leiðbeiningum. Leitast er við að láta hvern hluta listans innihalda upplýsingar og dæmi sem auðveldu framleiðendum/birgjum að átta sig á hvað kröfur eru gerðar til tiltekinnar vöru þannig að þeir geti tekið réttar ákvarðanir út frá eigin forsendum.



## Verndaðu fjöregg fyrirtækisins

### APC varaafgjafar – tryggja öryggi tölvukerfisins

APC varaafgjafar verja viðkvæman búnað fyrir spennusveiflum og ófyrirsjáanlegu straumrofi og tryggja þannig rekstraröryggi til muna.

#### Áreiðanlegur og traustur búnaður

APC varaafgjafar hafa verið notaðir í skipum, íslenskum iðnaði og fjölmörgum tölvurýmum á Íslandi í á annan áratug með góðum árangri. Búnaðurinn er auðveldur í uppsetningu og viðhaldi og þekktur fyrir lága bilanatíðni og langan endingartíma.



#### SMART UPS

Fáanlegt í aflstærðum 750 VA til 5000 VA



#### SMART UPS RT

Fáanlegt í aflstærðum 1000 VA til 10 KVA

APC SMART UPS línan er hönnuð fyrir netþjóna, gagnageymslur, net- og stjórnþúnað, jafnt í almennum rekstri á tölvukerfum sem og í rekstri annars búnaðar í iðnaðarumhverfi. SMART UPS fæst í nokkrum útgáfum, bæði í 19" og frístandandi einingum.

Rafhlöður fyrir APC búnaðinn eru útskiptanlegar á meðan búnaðurinn er í fullum rekstri.

**APC**  
www.apc.com



Martin Ingi Sigurðsson hlaut verðlaun Nýsköpunarsjóðs námsmanna.

## Nýsköpunarverðlaun

Verðlaun Nýsköpunarsjóðs námsmanna voru veitt í lok febrúar. Þau hlaut að þessu sinni Martin Ingi Sigurðsson fyrir verkefnið Áhrif aldurs á utangenamerki mannsins. Utangenamerki eru upplýsingar sem tengjast erfðaefninu án þess að vera hluti af DNA-röðinni sjálfri. DNA metýlun tilheyrir þessum hópi utangenamerki og gegnir einkum því hlutverki að kveikja og slökkva á genum í frumum líkamans.

Verkefnið miðaði að því að kanna hvernig mynstur DNA metýlunar breytist með vaxandi aldri. Niðurstöðurnar renna stoðum undir nýtt líkan af tilurð sjúkdóma sem getur m.a. skýrt hvers vegna tíðni ýmissa sjúkdóma á borð við krabba-mein hækkar með aldrinum.

Nýsköpunarsjóður námsmanna var stofnaður 1992 til þess að útvega áhugasömum nemendum sumarvinnu við metnaðarfull og krefjandi rannsóknarverkefni. Á undanförunum tólf árum hefur sjóðnum tekist að ávinna sér gott orðspor fyrir vinnu þeirra mörg hundruð námsmanna sem starfað hafa á hans vegum og niðurstöður verkefnanna sem þeir hafa leyst af hendi.

Önnur verkefni sem hlutu sérstaka viðurkenningu voru: GEO - BREEZE, unnið af Hildigunni Jónsdóttur og Valdimar Olsen, Nýsköpun í sýndarverum, unnið af Hrafni Þorra Þorissyni, Rafmagnsflugan, unnið af Steinþóri Bragasyni, og Þráðlaus mæling stökkkrafts, unnið af Guðfinnu Halldórsdóttur og Birni Ómarssyni.

Nýherji er markaðsdrifid þekkingarfyrirtæki sem sérhæfir sig í framsæknum lausnum á sviði upplýsingatækni. Hlutverk fyrirtækisins er að skapa virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Með frábæru starfsfólki, betri lausnum og góðri samvinnu skapast forskot sem viðskiptavinir okkar þekkjá.

**NÝHERJI**



# Brautryðjandi í mannvirkjagerð á Íslandi

ÍSTAK hefur frá árinu 1970 verið í fremstu röð á sviði framkvæmda í tengslum við orkufrekan iðnað. Á vegum ÍSTAKS hafa á undanförunum árum starfað um 300 manns í verkefnum tengdum stóriðju.

Dýrmæt verkþekking og vinnuframlag starfsmanna ÍSTAKS myndi nýtast til frekari verkefna á þessu sviði og legði grunn að áframhaldandi hagsæld komandi kynslóða.

**ÍSTAK**  
Traustur verktaki



Stækkun álvers Norðuráls á Grundartanga



# Fimm fræðslustofnanir undir einum hatti

IÐAN – fræðslusetur ehf. er tæplega árs gamalt fyrirtæki sem sinnir símenntun og starfsnámi iðnaðarmanna. Hlutverk IÐUNNAR er fyrst og fremst að bæta hæfni fyrirtækja og starfsmanna í byggingar-, málm-, bílgreina- og prentiðnaði og matvæla- og veitingagreinum. Fyrirtækið er ungt en byggist á gömlum merg. Þar sameinast fimm fræðslumiðstöðvar sem hafa starfað síðastliðna tvo

áratugi, hver á sínu sviði. Þetta eru Menntafélag byggingarmanna, Fræðslumiðstöð málmíðnaðarins, Prenttæknistofnun, Fræðsluráð hótél- og matvælagreina og Fræðslumiðstöð bílgreina.

Framkvæmdastjóri IÐUNNAR er Hildur Elín Vignir. „Ég ber ábyrgð á rekstri og stjórnun og því að koma barninu á legg og batteríinu saman. Við erum náttúrlega bara á fyrstu mánuðum í

starfi í nýju fyrirtæki, erum á kafi í breytingaferli og sameiningu. Svo mitt starf felst í stjórnun í víðasta skilningi,“ segir Hildur. „Það er heilmargt sem greinarnar eiga sameiginlegt. Það sem við leggjum áherslu á er í fyrsta lagi aukið framboð af námi í stjórnun og rekstri. Einnig leggjum við áherslu á aukið tölvulæsi meðal okkar félagsmanna. Greinarnar skarast víða, málmstuða skarast við byggingariðnað, pípulagnir og málmíðngreinar. Iðntölvustýringar og iðntölvufræði eiga við allar greinarnar.“

Eigendur IÐUNNAR eru Samtök iðnaðarins, Samiðn, MATVÍS, Félag bókkagerðarmanna, FIT, VM, Samtök ferðaþjónustunnar og Bílgreinasambandið. Eigendurnir álíta samrunann í takti við þróun í atvinnulífinu; að hagsmunagæsla og þjónusta við fyrirtæki sé í minnkandi mæli tengd atvinnuvegum eða einstökum starfsgreinum, en atvinnulífið leggi nú meiri áherslu á sambærileg skilyrði fyrir öll fyrirtæki. Meðal slíkra skilyrða sé aðgengi að vel menntuðu og færnu starfsfólki.

IÐAN sinnir nú yfir fimmtán þúsund aðildarfélögum, einstaklingum og fyrirtækjum.



Hildur Elín Vignir, framkvæmdastjóri IÐUNNAR.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Gunnar Leifur Jónasson, formaður Ljósmyndarafélags Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Ótvírætt for-dæmisgildi

Á síðasta ári var þeim reglum sem giltu um útgáfu vegabréfa breytt. Hófst þá útgáfa á nýjum vegabréfum með sérstökum örgjörva sem geymir sömu upplýsingar og eru sjáanlegar í vegabréfinu. Tilgangur breytinganna var að laga íslenskar reglur að alþjóðlegum skuldbindingum. Samfara þessum breytingum var komið upp myndavélum á afgreiðslustöðum vegabréfa og umsækjendum boðið að starfsmenn sýslumannsembættta tækju af þeim mynd í vegabréfið án endurgjalds. Þar sem ljósmyndun er löggild iðngrein höfðaði Ljósmyndarafélag Íslands mál gegn íslenska ríkisinu og krafðist þess að viðurkennt yrði að ljósmyndurum einum væri heimilt að taka myndir í íslensk vegabréf. Í nóvember síðastliðinn dæmdi Héraðsdómur Reykjavíkur að ljósmyndurum með iðnréttindi og nemendum í ljósmyndun væri einum heimilt að taka þessar myndir. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar og er niðurstöðu að vænta í maí.


„Það var mjög ánægjulegt að fá staðfestingu á því frá Héraðsdómi að við höfðum á réttu að standa. Málið hefur auðvitað mikið fordæmisgildi enda snýr þetta í sjálfu sér að öllum iðnréttindum í landinu. Mitt starfsleyfi er gefið út af lögregluembættinu og þeir gefa mér leyfi til að starfa sem ljósmyndari en sjá svo ekki ástæðu til að skipta við okkur frekar en ómenntaða einstaklinga á þessu sviði. Ef við vinnum ekki málið er í raun hægt að leggja niður Iðnskólann. Ef til dæmis væri ákveðið væri að taka upp skólabúninga í landinu gæti ríkið bara ákveðið að leita til hvers sem er og gengið algjör-

lega fram hjá þeim sem hlotið hafa sérstaka menntun og réttindi á sínu sviði,“ segir Gunnar Leifur Jónasson, formaður Ljósmyndarafélags Íslands.

Ekkert sambærilegt mál hefur farið fyrir dómstóla hér á landi síðan á níunda áratugnum. Verður það að teljast nokkuð óvenjulegt og segir Gunnar Leifur að það hafi komið á óvart þegar farið var að vinna í málinu. „Það er eiginlega óskiljanlegt hvers vegna ríkið sækir það svo fast að láta sína starfsmenn taka þessar myndir. Þetta snýst um að auka alheimsöryggi íslenskra ríkisborgara enda skiptir miklu máli að hafa góðar myndir í vegabréfinu sem auðveldlega er hægt að greina fólk á. Þessi aðferð sem þeir beita, að taka myndina sjálfir með lélegum tækjum og tólum, er alls ekki nógu góð og það kemur í ljós að þeir valda í raun og veru ekki þessu verkefni. Græjurnar þeirra eru ekki nógu góðar til þess að geta greint það sem þeir ætla að greina. Gagnagrunnurinn verður því alltaf mjög lélegur þegar myndirnar eru ekki vel unnar. Ég mynda 5.000 manns á ári á stofunni minni og hef sérþekkingu á því að taka myndir af fólki. Því finnst mér mjög undarlegt að ríkið sækist ekki eftir því að nýta mína sérþekkingu.“


Gunnar Leifur segist hafa fundið fyrir heimiklum meðbyr við málstaðinn í samfélaginu og það þyki honum vænt um. „Við höfum fengið mörg bréf frá almenningi, sérstaklega iðnlærðu fólki, sem þakkar okkur fyrir að taka upp hanskann fyrir sig og standa vaktina. Þetta hefur fordæmisgildi fyrir allar iðngreinar í landinu og skiptir okkur öll máli.“

Allt fyrir  
**VÖRUHÚSIÐ**




Brettahillur

MECALUX



Prönggangalyftarar

CROWN



Wave 50 handlangarinn

CROWN




Rafmagns lyftarar

CROWN



Raftryllur

CROWN



Stafflarar

CROWN



Hjólattrillur henta vel í útkeyrslubílunni

CROWN




Læstir skápar fyrir fatnað og persónulega muni

MECALUX




Hillukerfi og skápar fyrir smávörulagerinn

MECALUX



Hurðir, veðurhlífur og vörubryggur

COMBURSA



Logimat lagerturnar

LOGIMAT

Áratuga reynsla og þekking  
við skipulagningu vöruhúsa

**STRAUMUR  
HRAÐBERG**

www.straumur.is

Höfðabakki 9 • Sími 544 5330 • Fax 544 5355  
straumur@straumur.is



# Við framleiðum glugga og gler fyrir þig

Einnig hurðir, svalalokanir og sólstofur

PVC plastgluggar og hurðir  
Frábær viðhaldslaus lausn  
fyrir bæði gömul  
og ný hús



**DANLINE frá VEKA**  
Frábær lausn í gömul hús (einnig ný)  
Líta út eins og gömlu íslensku  
gluggarnir, einstaklega fallegir

 **GLUGGA- OG  
GLERHÖLLIN**

Ægisbraut 30 • 300 Akranes • Sími: 431 2028 • Fax: 431 3828  
Netfang: glerhollin@aknet.is • Heimasíða: www.glerhollin.is

Einangrunargler - Öryggisgler - Speglar






# Gluggasmiðjan

Fyrirtæki í framþróun

**Bílskúrshurðir**  
**Iðnaðarhurðir**  
**Ál-trégluggar**  
**Rennihurðir**  
**Hrínghurðir**  
**Trégluggar**  
**Álgluggar**  
**Loftristar**  
**Tréhurðir**  
**Útihurðir**  
**Álhurðir**

Viðarhöfða 3 • Sími 577 5050

[www.gluggasmidjan.is](http://www.gluggasmidjan.is)





# glæ í Reykjavík

Norðurlöndum fyrirtæki sín og framtíðarhorfur fyrir fjárfestum.

**JÓN HELGI EGILSSON** Aðkoma viðskiptaengla í sprotafyrirtæki er dýrmætt skref, að sögn Jóns Helga, framkvæmdastjóra Seed Forum. MARKAÐURINN/GVA



## Frumkvöðlar í hreyfigreiningu

Heilbrigðistæknifyrirtækið Kine er eitt af elstu íslensku sprotafyrirtækjunum sem kynnr starfsemi sína á fjárfestingi Seed Forum á morgun. Fyrirtækið hefur allt frá árinu 1999 unnið að þróun ýmiss konar vél- og hugbúnaðar til hreyfigreiningar en búnaður sem þessi nýttist sjúkráþjálfurum við meðhöndlun sjúklinga í endurhæfingu sem lent hafa í meiðslum og þurfa að byggja upp ákveðna vöðva.

Kine státar af nokkrum vörum sem allar tengjast hreyfigreiningu; vöðvarita, vél- og hugbúnað sem mælir virkni vöðva. Því tengdu er svo mælir sem samanstendur af sama vélbúnaði en öðrum hugbúnaði. Þá hefur fyrirtækið búið til göngugreiningarforrit sem gerir skýrslu um vöðvavirkni og hreyfingu sjúklinga.

Vörur undir merkjum Kine má finna víða um heim en á meðal viðskiptavina fyrirtækisins er NASA auk háskóla og sjúkrastofnana jafnt hér sem erlendis.

Bjarni Þór Gunnlaugsson, forstjóri Kine, segir umtalsvert hagræði fást fyrir alla aðila með búnaði sem þessum. Hann geti til dæmis stýtt komutíma sjúklinga til sjúkráþjálfara mikið. „Venjulega þurfa sjúklingar að koma, segjum fjórum sinnum, til sjúkráþjálfara til að greina vöðvavirkni. Með búnaði Kine má stytta tímamann niður í 15 mínútur,“ segir hann. Kine var með námskeið fyrir fimm fyrirtæki hér á landi í desember í fyrra. Fulltrúar fimm fyrirtækja tóku þátt í því og nota



**BJARNI ÞÓR GUNNLAUGSSON** Kine hefur þróað vél- og hugbúnað sem greinir virkni vöðva við hreyfingu og getur sparað sjúkráþjálfurum umtalsverðan tíma. MARKAÐURINN/ANTON

nú þrjú þeirra búnað frá Kine.

Bjarni bendir á að markaður fyrir vörur sem þessar sé geysistöð og vitnar til þess að í Bandaríkjunum einum leiti 11,2 milljónir sjúklinga sér lækningu vegna hnévandamála. „Svipaður fjöldi sjúklinga er með axlavandamál,“ segir Bjarni.

Fyrirtækið ætlar sér stóra hluti í framtíðinni og vonast til þess að með tilkomu viðskiptaengla í fyrirtækið fái fjármagn til að efla markaðssetningu á vörum Kine úti í hinum stóra heimi. „Það er ekki nóg að vera með háklavavöru. Það þarf alltaf fjármagn til að koma henni áfram,“ segir Bjarni.

## Tölvuleikir fyrir fjölskyldufólk

Netleikjafyrirtækið Gogogic er yngsta íslenska sprotafyrirtækið sem kynnt verður á sprotabingi Seed Forum á morgun. Fyrirtækið var stofnað í apríl í fyrra og hefur búið til auglýsingar fyrir netið auk lítills netleiks sem kynntur var um síðustu jól. Stefnan er að búa til fjölspilunarleik sem höfðar til breiðs hóps fólks.

Jónas Björgvin Antonsson, stjórnarformaður Gogogic, segir tölvuleikjasviðið geysistöð og sé fjarri að hægt sé að setja alla tölvuleiki undir einn hatt.

„Þetta er miklu stærra svið en menn gera sér grein fyrir,“ segir Jónas og bendir á að leikirnir geti verið allt frá því að vera stórir fjölspilunarleikir á borð við World of Warcraft og Eve Online til smærri leikja eins og Bubbles. „Mesti vöxturinn er í minni leikjum sem höfðar til almennings og hver sem er getur spilað í stuttan tíma án þess að lesa leiðbeiningarbækling til að komast inn í hann,“ segir Jónas. Leikir sem þessir eru Zuma og fleiri sem hentugt er að spila í kaffipásun. „Þetta eru leikir sem voru búnir til fyrir nokkrum árum og enn er verið að spila,“ bendir hann á.

Leikurinn sem Gogogic vinnur að heitir Boss of the Bosses og er skilgreindur sem herkænskuleikur. „Þetta er einn af þeim leikjum sem framleiddir eru fyrir 90 prósent leikjaspilara,“ segir Jónas og bendir á að notendur leikja á borð við þann sem Gogogic vinni að séu leikjaunnendur sem komnir séu með fjölskyldu og vinni hefðbundin daglaunastörf, oftast en ekki á skrifstofu. Lítil tími gefst því fyrir stóra



**JÓNAS BJÖRGVIN ANTONSSON** Netfyrirtækið Gogogic vinnur að þróun fjölspilunartölvuleiks sem er blanda af einföldum tölvuleikjum og stórum fjölspilunarleikjum. Stjórnarformaður Gogogic segir leikinn henta þeim sem ekki hafi tíma fyrir stóra fjölspilunarleiki. MARKAÐURINN/ANTON

fjölspilunarleiki sem krefjist oft langrar yfirlegru ætli notandi að ná árangri.

„Þessi hópur, sem fer stækkandi, hefur orðið svolítið útundan í þróun tölvuleikja,“ segir Jónas og bendir á grein sem nýverð birtist í veftímaritinu The Escapist um þróun tölvuleikja. Þar kemur fram að nýjasta stefnan sé að gera út á þennan ört vaxandi hóp sem hafi ekki tíma til tölvuleikja en vilji taka þátt í fjölspilunarleik á netinu. Lausnin felst í leikjum sem byggjast á flash-viðmóti, eru léttir í vöfum og hægt er að spila stuttan tíma í einu.

Ekki liggur fyrir hvenær hann kemur á markað en Jónas vonast til að gangi allar áætlanir eftir verði það um mitt næsta ár. „Áherslan hjá okkur núna er að finna fjármagn til að þróa og vinna leikinn,“ segir hann.



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Dví lengur sem innstæðulítill veisla varir, því meiri hætta á harðri lendingu.

## Förum varlega í gjaldeyrisáhættu

Hafliði Helgason

Eitthvað hefur borið á því að heimilin í landinu hafi verið að flýja krónuna og taka erlend lán að undanförunu. Fyrirtæki hafa flúið háa stýrivexti yfir í aðrar myntir, sem er í fullkomlega eðlilegt í þeim tilvikum þar sem tekjur eru í erlendum myntum.

Í fyrirtækjarekstri skiptir miklu að lágmarka sveiflur, þannig að hægt sé að byggja reksturinn á raunhæfum áætlunum. Sama gildir í raun um rekstur heimilis og þess vegna hafa jafngreiðslulán í verðtryggðri krónu verið hentug. Fólk getur gengið að langtíma greiðslubyrði vísi, á móti tekjum í krónum. Ekkert er þó öruggt í þessum heimi og há verðbólga hækkar slík lán og rýrir launin sem notuð eru til greiðslu.

Efnahagslífið er býsna þanið þessa dagana og hefur verið um nokkurt skeið. Seðlabankinn tekur ákvörðun um vexti á morgun. Líklegasta er að þeir verði óbreyttir, en miðað við hagvísa er fremur ástæða til hækkingar en lækkunar.

Sá mikli vaxtamunur á óverðtryggðum vöxtum milli krónunnar og mynta í siðmenntuðum heimi hefur búið til verulegt innstreymi lánsfjár til landsins og styrkt krónuna. Erlend krónubréfaútgáfa er orðin um 400 milljarðar króna og bankar og fyrirtæki hafa komið sér í þá stöðu að veiking krónunnar skaði þau ekki. Það eru því fáir til að verja gengi krónunnar til skamms tíma ef hún tekur að falla, nema ef vera skyldi að heimilin flyttu lán sín í auknum mæli yfir í erlend lán. Meðal annars er áhyggjuefni, ef þau eru að því við núverandi aðstæður. Reynslan sýnir líka að þegar myntin fellur, þá verða lánastofnanir hikandi við að veita slík lán, þvert á alla lógik. Þannig er það nú einu sinni á markaði ef svartnýni tekur völdin.

Það er full ástæða til að hvetja fólk til að stíga varlega til jarðar þegar kemur að gjaldeyrislánum við núverandi stöðu. Krónan er of sterk miðað við langtíma jafnvægi. Fyrir rúmu ári var hún allt of sterk og hafði verið það um skeið.

Gjaldmiðlar eru þeirrar náttúru að þeir geta staðið talsvert frá því virði sem skapar jafnvægi. Það er ekkert sem segir að krónan geti ekki verið of veik um skeið eins og of sterk. Agaleysi í ákvörðunum hins opinbera hefur ýkt þá áhættu sem er í hagkerfinu vegna kerfisbreytinga og stóriðjuframkvæmda. Hátt vaxtastig mun á endanum draga máttinn úr smærri fyrirtækjum og veiking krónunnar mun hegna þeim sem reyndu að flýja.

Aðlögun núverandi viðskiptahalla getur einungis gerst með tvennum hætti. Annars vegar að það dragi úr neyslu og hins vegar í gegnum veikingu krónunnar. Því lengur sem hin innstæðulítla gleði varir í hagkerfinu, því meira aukast líkur á að krónan verði leiðréttingaraflíð. Án þess að því sé spáð að þetta muni gerast, þá er full ástæða til að spenna beltin. Lendingin gæti orðið harðari en menn grunar.

eggert@markadurinn.is | hafliði@markadurinn.is | holmfríður@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olíkr@markadurinn.is

120  
ISSUE  
2006

LANDSBANKINN  
SÍMI 410 4000  
EYDDU Í SPARNAÐ

## Sparaðu í sjóðum

- Farðu á landsbanki.is eða hringdu í 410 4000
- Sparaðu allt frá 5.000 kr. á mánuði
- Veldu greiðslumáta – hagkvæmt er að greiða með kreditkort, þá bætast ferðapunktur við
- Veldu milli þriggja sjóða eftir fjárfestingatíma og áhættustigi

Það eina sem kemur í veg fyrir að þú eyðir í sparnað ert þú. Ekki biða lengur.

Landsbankinn

## Jörmunkraftur í atvinnulífinu – en hvað svo?

Einkageirinn á Íslandi er nánast óþekktanlegur frá því sem hann var fyrir örfáum árum. Atvinnufyrirtækin hafa aukist að afli og ný sprottið fram á fjölmörgum sviðum. Heilu atvinnugreinarnar hafa tekið stakkaskiptum og breytt landslaginu í efnahagslífinu. Skýrt dæmi er fjármála-geirinn sem skotist hefur fram úr sjávarútvegi á mælikvarða framlags til framleiðslu í landinu. Annað dæmi eru stórsókn til útlanda með glæsilegri útrás fyrirtækja víða um heim. Allt þetta hefur styrkt efnahag þjóðarinnar og styrkt stöðirnar undir hagsæld og lífsgæðum almennings.

### AÐGERÐIR Á STJÓRN MÁLAVETT-VANGI

Aukin hagsæld er knúin áfram af framtaki og ágóðavon. Aðildin að Evrópska efnahagssvæðinu skóp jarðveg fyrir sögulegum uppgangi í efnahagslífinu með afnámi viðskiptahafa og auknu frelsi til athafna. Sama gænnir um einkavæðingu opinberra fyrirtækja þótt framkvæmdina hafi mátt gagnrýna í sumum tilfellum.

Á stjórn málavettvangi eru atvinnulífinu markaðar leikreglur til að tryggja samkeppnisstöðu og jafnan leik. Þar hefur margt vel tekist eins og ofangreind dæmi um efnahagssvæðið og einkavæðinguna sýna. Eins má nefna ýmsar skattbreytingar á borð við lækkun á tekjuskatti, afnáms eignaskatts, og upptöku einfalds fjármagnstekjuskatts. Sterklega hlýtur að koma til álita að lækka hlutfall tekjuskatts félaga enn meir með það að markmiði að stækka skattstofninn og auka skatttekjur af atvinnustarfsemi eins og reyndin hefur orðið. Þannig má skapa færi á myndarlegri lækkun á tekjuskatti einstaklinga sem er löngu tímabær.

### FJÁRMAGNSTEKJUSKATTUR ER NÓGU HÁR

Í aðdraganda alþingiskosninga heyrast raddir um að hækka þurfi fjármagnstekjuskatt og er rökstutt með því að of mikið bil ríki milli hans og tekjuskatts af launatekjum. Væri þá ekki rétt að hækka skattinn? Já, af hverju ekki bara tvöfalda hann fyrst munurinn er svona mikill?

Von er að spurt sé, en hér þarf að tryggja vel að. Fjármagnstekjuskattur leggst á fjármagns-

### ORD Í BELG

**Ólafur Ísleifsson**  
Lektor við  
viðskiptadeild  
Háskólans  
í Reykjavík



tekjur brúttó og er þess vegna miklum mun hærri en hann virðist við fyrstu sýn. Fjármagnstekjum má almennt skipta í arð, vexti og leigu.

- Arður af hlutafé ber 26,2% skatt í ljósi þess að áður en 10% fjármagnstekjuskattur er lagður á hefur félagið greitt 18% tekjuskatt. Hlutaféð sem stendur undir arðinum er áhættu undirorpið og getur allt glatast eins og mörg dæmi eru um.
- Vaxtatekjur reiknast brúttó án frádráttarliða. Þetta þýðir að maður sem fær 10% vexti í 10% verðbólgu hefur í raun engar tekjur fengið af innstæðunni en þarf samt að borga tíunda hluta vaxtanna í skatt. Niðurstaðan er sú að hann þarf að ganga á eignina um sem næst 1% til að greiða skattinn.
- Leiga af fasteign ber sömu leiðis 10% skatt án frádráttarliða á borð við viðhaldskostnað og fasteignagjöld. Eigendum fasteigna er reiknuð leiga af eigninni (nema eigin íbúðarhúsnæði) jafnvel þótt engin leiga komi fyrir hana.

Er þetta rök fyrir því að hækka þurfi fjármagnstekjuskatt?

Mörgum virðist sjást yfir að fjármagnstekjuskatturinn hefur verkað sem aflvaki í atvinnulífinu með því að hann hefur gert eigendum fyrirtækja kleift að selja þau án þess að greiða tekjuskatt eins og um launatekjur væri að ræða. Þetta hefur leitt til samruna fyrirtækja sem ekki hefði orðið að öðrum kosti og skapað sterkari rekstrar- eining. Með þessu hefur fjármagnstekjuskatturinn án efa leitt af sér styrkara atvinnulíf í landinu. Fjármagnstekjuskattur skilar miklum tekjum í ríkissjóð sem gætu gufað upp eins og dagg fyrir sólu vegna þess hve skattstofninn er kvikur.

### UM VÍÐA VERÖLD

#### Lán með veði í lygum?

**Economist** | Greinendur eru ekki á einu máli um hvað samdráttur á fasteignalánamarkaði í Bandaríkjunum þýði í raun. Sumir segja þetta engu skipta en þeir svartnýni segja að fasteignalánamarkaðurinn muni draga efnahagslífið vestanhafs inn í samdráttarskeið sem muni taka tíma að vinna sig upp úr. Breska vikuritíð Economist bendir á þann gríðarlega vöxt sem hafi verið á fasteignamarkaði í Bandaríkjunum og líkir honum við netbóluna, sem sprakk með eftirminnilegum hætti. Í uppganginum hafi fjármálastofnanir reynt að ná til sín stærri sneið af fasteignalánamarkaðnum. Mörg fyrirtæki hafi gengið mjög langt í þessari viðleitni sinni. Economist tekur dæmi af 24 ára manni sem keypti fimm fasteignir á fimm mánaða tímabili í fyrra. Maðurinn veitti engar upplýsingar um fjárhagsstöðu sína og skáldaði það sem upp á vantaði. Lánveitanda láðist að kanna upplýsingar hans nánar og er nú svo komið að þrjá af fasteignum mannsins hafa verið teknar upp í skuldir. Stefnið er að sama máli gegni um hinar tvær. Margir virðast hafa misnotað fasteignabóluna vestanhafs með sama hætti, og er talið að áttatíu prósent fasteignalána vanskilahlópsins séu einmitt lán með veði í einhverju sem ekki er til.

#### Slæmt lánshæfi lánveitenda

**Fortune** | Bandaríska vikuritíð Fortune er eitt fjölmargra vikurita sem halda áfram umfjöllun sinni um fasteignamarkaðinn vestanhafs í vikunni. Í blaðinu er bent á að fleiri geti átt yfir höfði sér að fá á sig lægra lánshæfismat en bandarískir lánveitendur á þeim fasteignamarkaði sem nú þegar eiga í erfiðleikum með að greiða af lánum sínum - og eru í sumum tilfellum á svörtum lista fjármálastofnana. Tímariðið segir að þegar auknið hlutfall lánveitendur lenti í vandræðum með greiðslur af lánum sínum og jafnvel missi hús sín geti það leitt til þess að fjármálastofnanirnar sjálfar, lánveitendurnir, fái á sig lægra lánshæfismat. Vikuritíð gagnrýnir matsfyrirtæki á borð við Fitch, Moody's og Standard & Poor's harðlega í blaðinu og segir þau hafa átt að koma auga á yfirvofandi lægð á fasteignalánamarkaðnum í Bandaríkjunum. Fari svo að matsfyrirtækin lækki lánshæfiseinkunnir fjármálastofnana á fasteignalánamarkaði vegna aukinna vanskila getur farið svo að rekstrarumhverfi þeirra versni til muna. Það getur svo aftur leitt af sér að fasteignaverð vestra taki dýfu sem getur leitt af sér harða lendingu í bandarísku efnahagslífi, að mati Fortune.



## SAMNINGATÆKNI

## Valdið og dýrðin...

Í fréttum NFS 7. mars 2006, þegar viðræður um framtíð varnarsamstarfsins við Bandaríkin stóðu sem hæst, var haft eftir þáverandi utanríkisráðherra að Íslendingar ættu engan annan kost en að starfa áfram með Bandaríkjamönnum. „Og mín skoðun er sú, hvað svo sem að sagt er nú í hita leiksins og hvað svo sem menn renna hýru auga til Evrópuríkjanna, að við eigum engan raunverulegan kost í þeim efnum annan en þann að halda áfram samstarfinu við Bandaríkin.“ (NFS, Fréttir kl. 18.30, 7.4. 2006). Nú kann vel að vera að þetta mat hafi verið kórreitt og að yfirlýsingin hafi átt fullkomlega rétt á sér. Það er auðvelt að gagnrýna úr fjarska og vera vitur eftir á, sérstaklega í flóknum, mikilvægum og viðkvæmum samningaviðræðum þar sem upplýsingar liggja eðli málsins sam-

kvæmt ekki á lausu. Þeir sem hafa áhuga á samningatækni geta þó ekki annað en velt því fyrir sér hvort þessi yfirlýsing hafi komið á góðum tíma.

## VALD OG VÆNTINGAR UM ÁRANGUR

Skynjun á því hver hefur meira vald við samningaborðið getur skipt sköpum um árangur þar sem hugmyndir um vald og væntingar um niðurstöðu viðræðna eru nátengd. Því meira vald sem þú telur að samningsaðili þinn hafi, því minni væntingar hefur þú um árangur og því minni væntingar sem þú hefur um árangur, því verri verður niðurstaðan, að öllu jöfnu. Ef þú telur að allt vald liggi hjá þér hefur þú væntingar um framúr-

skarandi árangur af viðræðunum. Ef skynjun þín er sú að allt vald liggi hjá samningsaðila þínum, með réttu eða röngu, hefur þú sett þig í þá stöðu að samþykka það sem þér er rétt. Ef þú lætur samningsaðila þinn vita af þeirri skynjun þinni að valdið liggi allt hjá honum gefur þú honum stöðu til að ákveða niðurstöðu viðræðnanna.

## LEIÐIR TIL AÐ AUKA VALD

Vald fer eftir kringumstæðum, mikið frekar en auðæfum, stærð og hæfileikum. Sterkasta leiðin til að auka vald við samningaborðið er að hafa sem besta valmöguleika aðra en að semja við mótaðilann. Smáfyrtækni sem á í samningaviðræðum við risafyrtækni hefur öll spil á hendi ef það hefur sterka val-

möguleika – það mun aldrei sætta sig við niðurstöðu sem er verri en þeir valmöguleikar sem því býðst í samningum við aðra aðila, alveg sama hversu mikið stórfyrtækni ber sér á brjóst. Þess vegna vinna reyndir samningamenn baki brotnu að því að hafa sem sterkasta stöðu ef svo skyldi fara að samningaviðræðurnar rynnu út í sandinn. Stundum bregða samningamenn á það ráð að gefa í skyn valmöguleika sem eru ekki fyrir hendi, en augljóslega er það ákaflega áhættusöm nálgun og til þess fallin að draga úr trausti. Önnur leið er að gera valmöguleika mótaðilans verri – að hafa áhrif á skynjun hans á eigin valmöguleikum þannig að hann meti kostnaðinn af því að hverfa frá samninga-

borðinu meiri. Enn önnur leið er að skapa sér svigrúm þannig að ekki þurfi að semja strax og gefa mótaðilann til kynna að það liggi ekkert á að ná samkomulagi. Í öllu falli er það lykilatriði að vanda sig við mat á valdi, að gefa mótaðilann ekki meira vald en innistæða er fyrir og vinna að því að styrkja stöðu sína með því að fjölga valmöguleikum – og að gefa ekki frá sér upplýsingar sem eru líklegar til að draga úr eigin stöðu við samningaborðið.

Aðalsteinn Leifsson er lektor í Háskólanum í Reykjavík þar sem hann kennir meðal annars samningatækni.



## SPÁKAUPMAÐURINN

## Áhyggjur með englavernd

Ég er ekki maður sem óttast margt. Mér hefur alltaf fundist að ég væri fæddur undir heillastjörnu og fátt illt gæti hent mig.

Maður er samt ekkert að syndga upp á náðina og storka örlögunum af óþörfu. Þannig sýni ég verndarenglum mínum þá auðmýkt að hafa áhyggjur af einhverju.

Þessa dagana hef ég áhyggjur af krónunni og svo er ég órólegur yfir því ef mosakommarnir komast til valda. Þetta eru tengdar áhyggjur því það er nú einu sinni þannig að þegar við erum orðnir þátttakendur í heimi opinna alþjóðaviðskipta ráðum við ekki alltaf við framhaldið. Ef menn eins og ég úti í heimi missa trú á því sem við erum að gera, þá komumst við að því fullkeyptu.

Svona get ég orðið órólegur. Svo jafna ég mig og hugsa að menn eins og ég fljóta alltaf ofan á. Ef ég hefði til dæmis fæðst í Rússlandi fyrir hundrað árum, þá hefði ég orðið stórkommisari og í miðstjórn hjá kommunum og haft það fint. Fæddur fimm tíu árum síðar á sama stað væri ég sennilega í hópi ólígarka.

Ástæða þessa er að ég er fram-sýnn og fljótur að átta mig á hlutunum. Ef miðstýringarmenn fara að gera einhverjar rósir í efnahagslífinu, þá verð ég kominn með peningana mína langt frá landinu og sennilega flatmagandi á sólarströnd einhvers staðar með lögheimili í skattaparadís. Og hvers vegna ætti ég að hafa miklar áhyggjur af krónunni? Ég mun græða á falli hennar. Græddi alla vega í fyrra þegar hún féll. Tók svo sveifluna til baka og nú er ég yfirvogadur í erlendu og ætti því að vera rólegur.

Samt er ég það ekki alveg, sem mér finnst benda til þess að ég hafi bæði þroskaða samvisku og gott hjartalag. Ef menn snúa af vegi frjálslýndis og lokunar-fólk nær undirtökum mun það auðvitað bitna á mörgum. Ég er nefnilega á því að næsta kjörtímabil skipti miklu máli. Sennilega munum við sækja um aðild að ESB á tímabilinu ef skynsemin ræður einhverju. Ég er enginn aðdáandi gamla Kol og Stál, en ég held að það sé enginn annar kostur þegar lengra er horft. Það er betra að sætta sig við raunveruleikann fyrr en síðar. Það segja alla vega vinir mínir sem hafa farið í meðferð. Sjálfur er ég maður hófstílltrar lífsnautnar varinn af englunum.

Spákaupmaðurinn á horninu



## Ráðstefna um Samskipti framtíðarinnar „Unified Communications“

Nýherji og Microsoft á Íslandi bjóða þér til ráðstefnu um samskipti framtíðarinnar eða „Unified Communications“ 29. mars á Hótel Sögu.

Með „Unified Communications“ er átt við samþættingu á samskiptalausnum sem skilar sér í auknu hagræði fyrir notandann. Með því að hafa sameiginlega sýn á öll samskiptamál, óháð staðsetningu og samskiptatækni, verður vinnan einfaldari og framleiðni eykst.

Microsoft og Avaya hafa skrifað undir samstarfssamning um þróun slíkra samskiptalausna og munu þær verða kynntar á ráðstefnunni ásamt því sem rætt verður um framtíðarsýn fyrirtækjanna á þessu sviði.

## Dagskrá

12.30–13.00	Innskráning
13.00–13.15	Setning ráðstefnu
13.15–14.00	„The way Unified Communication is going to change the PBX world in the future“ Fyrirlesari: Peter Lillelund ráðgjafi frá Netplan
14.00–14.45	„Unified Access, One User Experience“ Fyrirlesari: Roger Jones, Business Development Director hjá Avaya EMEA
14.45–15.00	Kaffihlé
15.00–15.45	„Microsoft Unified Communications Vision and Reality“ Fyrirlesari: Torben Andersen Business Director for Unified Communications hjá Microsoft EMEA
15.45–16.15	Sjónarhorn viðskiptavinar í samskiptamálum
16.15–17.15	Kokkteill

Eftir fyrirlestrana verða Avaya- og Microsoft-lausrir til sýnis auk þess sem boðið verður upp á veitingar og spjall við sérfræðinga fyrirtækjanna.

Aðgangur á ráðstefnuna er ókeypis.

Skráning og nánari upplýsingar er að finna á [www.nyherji.is](http://www.nyherji.is) og [www.microsoft.is](http://www.microsoft.is)

AVAYA

Microsoft®



NYHERJI





**DISTICA**  
– markviss dreifing –



Hörgatúni 2, 210 Garðabæ, sími 412 7500, www.distica.is



**Viðskiptahúsið**  
FASTEIGNIR • FYRIRTÆKI • SJÁVARTVEGGIR

**Höfum til sölumeðferðar nokkur hótél m.a. á höfuðborgarsvæðinu og á austurlandi**

**Jafnframt leitum við að góðu hóteli í Reykjavík fyrir fjársterkan aðila**


Áhugasamir hafið samband við:

Hörð Hauksson Gsm: 896 5486 • Atla Viðar Jónsson Gsm: 898 2533  
og Gísli Bogason Gsm: 863 0509

**Fyrirtækjasvið Viðskiptahússins annast:**

- Kaup og sölu fyrirtækja eða rekstrareininga og samrunaferli.
- Kaup og sölu á fasteignum þeim tengdum og byggingalóðum fyrir atvinnuhúsnæði, landareignum og bújörðum.
- Fjármögnun verkefna.

Skúlagata 17 • 101 Reykjavík • Sími: 566 8800 • www.viðskiptahusid.is



**SOUK Í STOKKHÓLMI** Ný verslunarmiðstöð í eigu Baugs var opnuð í Stokkhólmi. Gengi hennar mun ráða frekari útrás þessarar hugmyndar í helstu stórborgum.

## Markaðstorg í miðju Stokkhólms

Baugur og Arcadia sameina krafta sína í nýju vöruhúsi í Stokkhólmi. Souk heitir það og þýðir samkomustaður eða markaðstorg.

Debenhams á Drottningargötunni var lokað um miðjan janúar. Strax eftir lokun var hafist handa við að breyta búðinni. Áke Hellqvist og hans fólk breytti búðinni í verslunarmiðstöð tísku fyrir ungt fólk á níu vikum. „Við gerðum þetta á íslenskum hraða,“ segir Áke og glottir þreytulega, en yfirvinnugleði þar í landi er ekki sú sama og þekkt á Íslandi.

Allt er að smella fyrir kvöldið og von á fjölda gesta. „Kándisarnir“ eins og Svíar kalla fræga fólkíð tínist inn eftir rauða dreglinum.

Debenhams náði ekki fótfestu á markaðnum. Jón Ásgeir Jóhannesson segir að Debenhams hafi eftir að það komst í einkaeigu sett stefnuna á Bretland og svo vaxtarmarkaði. Áherslan hafi því ekki orðið á fyrirbæri eins og verslunina í Stokkhólmi.

Baugur og Arcadia tóku því höndum saman og settu vörumerki sín fyrir ungt fólk á einn stað. „Þetta er spennandi verkefni og ef þessi tilraun gengur upp munum við halda áfram að opna slíkar verslanir í helstu stórborgum,“ segir Jón Ásgeir.

Vöruhúsið er í eigu Baugs og fékk nafnið SOUK. Nafnið er fengið frá Austurlöndum og þýðir markaðstorg eða samkomustaður. Hugmyndin er að búa til deiglu tísku og lífsstíls ungs fólks í miðbæjum stórborga. Reyndar má leika sér með nafnið og lesa það „so UK“ enda eru vörumerki hússins bresk.

Verslunarmiðstöðin fyllist hratt af fólki og Áke



**ÁVÖRP OG ÞAKKIR** Áke Hellqvist, framkvæmdastjóri SOUK í Stokkhólmi, og Gunnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri hjá Baugi, ávörpuði gesti og þökkðu þeim sem lögðu nótt við dag til að takast mætti að opna á réttum tíma.

og Gunnar Sigurðsson, sem stýrir smásöluþjófningum Baugs, stíga á svið og ávarpa gesti með tilheyrandi þökkum til þeirra sem lagt hafa nótt við dag til að hægt sé að halda upp á daginn. Gestir taka nýrri búð vel og suðið í afgreiðslukössum byrjar þegar, enda margir sem ekki standast freistinguna að kaupa svolítið í leiðinni, enda þótt samkoman sé meira hugsuð sem partí. - hh



**GENIUS**

## Samþætting upplýsingakerfa

Próun og rekstur á XML vefþjónustum án forritunar

**mentis** HUGBÚNAÐUR

**Microsoft**  
CERTIFIED  
Partner

Mentis Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

## Staðgreiðsla skatta – einfalt mál!

**NYTT**

Nú geta fyrirtæki skilað staðgreiðslu skatta beint til RSK í gegnum fyrirtækjabanka SPRON og sparað sér tíma og fyrirhöfn.

**Kynntu þér málið á spron.is**

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

**spron**



## Jötunn kominn í Sundahöfn

Eimskip hefur tekið á móti nýjum færnanlegum hafnarkrana í Sundahöfn. Kraninn hefur fengið viðeigandi nafn og kallast Jötunn.

Fjárfestingin er sögð til komin vegna aukinna umsvifa félagsins á Austurlandi út af skipaafgreiðslu fyrir Alcoa Fjarðaál.

Hafnarkraninn er af gerðinni Gottwald HMK 6407 og smíðaður í Þýskalandi. Hann kemur í stað eldri krana af sömu tegund sem verður fluttur austur á Reyðarfjörð.

„Nýi kraninn var fluttur til landsins, fullsamsettur, á vegum félagsins Big Lift Shipping sem sérhæfir sig í þungaflutningum á sjó. Skipið sem flutti kranann er búið tveimur 250 tonna krön-

um enda má ekki minna vera þar sem nýi kraninn vegur um 420 tonn,“ segir í tilkynningu Eimskips.

Nýi kraninn var nefndur Jötunn eftir nafnasamkeppni meðal starfsfólks. Eldri kranar Eimskips nefnast Jakinn og Jarlinn. „Jötunn hefur 110 tonna lyftigetu, er með 950 hestafla vél og er 420 tonn að þyngd. Hann er 35 metra hár og með 51 metra langa bómu.“ Eimskip rekur nú tvo stóra gámakrana í Sundahöfn, sem lyfta samtals hátt í 100.000 gámum á ári.

**JÖTUNN Í SUNDAHÖFN** Eimskip rekur tvo stóra gámakrana í Sundahöfn sem samtals lyfta hátt í hundaþ þúsund gámum á ári hverju.



## Búist við uppsögnum hjá Citigroup

Orðrómur er uppi um að bandaríski fjárfestingabankinn Citigroup, eitt stærsta fjármála-fyrirtæki heims, ætli ýmist að segja upp rúmlega 15.000 manns eða færa höfuðstöðvar bankans til að lækka kostnað. Breytingarnar eru sagðar liður í hagræðingaráformum bankans en horft er til þess að spara um einn milljarð bandaríkjadala, jafnvirði 67 milljarða íslenskra króna, með aðgerðunum.

Greint verður formlega frá endurskipulagningu fyrirtækisins formlega í næsta mánuði jafnhliða birtingu á ársfjórðungsuppgjöri bankans.

Chuck Prince, forstjóri Citigroup, er enn fremur sagður undir miklum þrýstingi frá hluthöfum



**EITT ÚTIBÚA CITIGROUP** Orðrómur er uppi um viðamiklar hagræðingarágerðir hjá stærsta fjármálfyrirtæki í heimi.

bankans að draga úr rekstrar-kostnaði. Slíkt er talið geta leitt til hærri arðgreiðslna til hluthafa.

Prince lét í desember í fyrra gera ítarlega skýrslu um útgjöld og rekstur bankans. Niðurstöður hennar verða birtar í næsta mánuði skömmu fyrir

uppgjörið um miðjan apríl.

Viðskiptablaðið Financial Times segir að fastlega sé reiknað með viðamiklum uppsögnum. Fari svo að 15.000 manns verði sagt upp nemur það um fimm prósentum af starfslíði Citigroup, að sögn blaðsins.

## Samstarf tekið upp við MIT í Boston

Háskólinn í Reykjavík hefur umsjón með nýjum samstarfs-samningi íslensks atvinnulífs við MIT-háskólann í Boston í umboði Samtaka iðnaðarins og Viðskiptaráðs. Samstarfinu verður hleypt formlega af stokkunum með ráðstefnu fimmtudaginn 3. maí þar sem fulltrúar MIT munu kynna samstarfið nánar.

MIT er í efsta sæti bandarískra háskóla á sviði tækni og verkfræði, auk viðskipta og stjórnnunar, og samstarfið því sagt munu opna gífurleg tækifæri til þekkingaröflunar og nýsköpunar fyrir íslensk fyrirtæki. „Samningurinn felur í sér aðgang að víðtæku samstarfi, þekkingu og færni MIT samkvæmt þörfum, markmiðum og óskum þeirra

fyrirtækja sem taka þátt í samstarfinu, en það verður með áskriftarfyrirkomulagi til eins árs. Samstarfsaðilar fá sendar upplýsingar um nýjungar, rannsóknir og þróunarverkefni sem verið er að vinna að og tengjast þörfum íslenskra fyrirtækja,“ segir í frétt um málið á vef Viðskiptaráðs Íslands. Fyrirtæki eru sögð munu fá aðgang að viðburðum á vegum MIT og að þau geti einnig fengið sendar niðurstöður rannsókna og skýrslur eftir þörfum og óskum.

Tengiliður við samstarf atvinnulífsins og MIT hér á landi er Aðalheiður Jónsdóttir hjá Stjórnendaskóla HR, en nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á vefslóðinni <http://ilp-www.mit.edu>.

- óká



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK



ALLAN ÁRSINS HRING EF ÞÚ VILT...

Það er stutt í hús á Spáni

...SÉRSTAKLEGA ÞEGAR ÞÚ ÁTT DRAUMAHÚSNÆÐIÐ Á SPÁNI.

Við hjá Perla Investments höfum farsælega séð um að gera þennan draum að veruleika fyrir Íslendinga í tíu ár. Íslenskur löggiltur fasteignasali og íslenskt fagfólk leiðir þig áfram áreynslulaust, alla leið. Að eignast hús á Spáni er einfalt og öruggt með Perla Investments.

Við þjónustum þig á alla lund, við meðal annars:

- Útvegum þér allt að 100% lán á bestu mögulegu kjörum
- Veitum bankaábyrgðir á greiðslur
- Þjódum þér upp á kynnisferðir til Spánar
- Sjáum um útleigu á húsnæðinu fyrir þig, auk allhliða fasteignapjónustu: Viðhald – öryggi – tryggingar





**FULLTRÚAR HAGSTOFANNA** Gunter Schäfer, frá Eurostat, Petra Kuncová, frá hagstofu Tékklands, Frank Nolan, frá hagstofu Bretlands, og Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri.

MARKAÐURINN/ANTON

## Evrópskar hagstofur rýna í hagtölur

Þrjú fulltrúar frá hagstofum í Evrópu komu hingað til lands í síðustu viku til að ræða um áreiðanleika íslenskra hagtalna og fara yfir það hvernig þær nýttust fjölmörgum fyrirtækjum og stofnunum, þar á meðal fjölmiðlum.

Koma þremmenninganna er liður í samevrópsku verkefni þar sem starfsmenn hagstofa víða í Evrópu kanna verklaagsreglur við gerð hagtalna. Hagstofustjórar EES-ríkjanna komu sér saman um að setja slíkar reglur í evrópski hagskýrslugerð fyrir tveimur árum í kjölfar þess að Grikkir feguðu ríkishallatölur með það fyrir augum að uppfylla skilyrði fyrir aðild að mynt-

bandalagi Evrópusambandsins.

Um jafningjaeftirlit að ræða þar sem þriggja manna sendinefnd frá þremur hagstofum í Evrópu skoðar verklag við gerð og birtingu hagtalna í hinum ýmsu löndum með hliðsjón af reglunum sem framkvæmdastjórn ESB setti.

Að sögn Franks Nolan, sem kemur frá bresku hagstofunni, er mikilvægt að tryggja sjálfstæði hagstofa til að koma í veg fyrir misbeitingu hagtalna líkt og gerðist á Grikklandi.

Hópurinn dvaldi hér í fjóra daga og skrifaði skýrslu um málið sem birtast mun í ársskýrslu Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins, fyrir yfirstandandi ár.

- jeb

### Viðskiptafræðingur

#### Óskar eftir starfi

Viðskiptafræðingur sem hefur sérhæft sig í sölu og markaðsmálum leitar að framtíðar starfi. Vanur áreiðanlegur, úrræðagóður og með góða framkomu. Hef mikla þekkingu á:

- Auglýsinga/birtingaáætlunum
- Gerð söluáætlana
- Sölustjórnun
- Gerð markaðsáætlana
- Gerð kynningarefnis fyrir fyrirtæki

Upplýsingar í síma 662-5829

netfang hinrik@hive.is



Hólmfríður Helga Sigurðardóttir

## Franskt vor í viðskiptum

**P**atrice Olofsson varð himinlifandi þegar hann sá auglýsta framkvæmdastjórástöðu fransks viðskiptaráðs. Starfið virtist henta honum fullkomlega. Bæði var hann stoltur af sínu heimalandi og forvitinn um framandi lönd. Hann gat vel hugsað sér að yfirgefa Frakkland um stund með það að markmiði að koma á og hlúa að viðskiptasamböndum milli franskra fyrirtækja og erlendra. Þá rak hann augun í neðstu línu umsóknarinnar. „Starfsstöðvar á Íslandi“ stóð þar skrifað. Þessu hafði Patrice ekki reiknað með. Þrátt fyrir ævintýragirni var hann borgarborn. Og evrópsk borgarborn búa víst ekki í Reykjavík. Eftir nokkra umhugsun lét hann þó slag standa, sótti um starfið og landaði stöðunni. Síðan eru liðin tæp tvö ár.



**PATRICE OLOFSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI FRANSK-ÍSLENSKA VIÐSKIPTARÁÐSINS** Patrice segir áhuga Íslendinga og Frakka hvort á öðrum hafa aukist á undanförmum árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### STÓRAUKIN SAMSKIPTI MILLI LANDANNA

Frakkland er fimmta stærsta efnahagsveldi heims miðað við landsframleiðslu og þriðji stærsti þjónustu-útflytjandinn. Það er því ekki hægt að loka augunum fyrir mikilvægi Frakklands í alþjóðavæðingunni. Það hafa fjárfestar heldur ekki gert. Hvergi í heiminum er eins mikið innflæði þeirra og í Frakklandi, nema í Kína. Þá er umtalsverður hluti franskra fyrirtækja í eigu erlendra aðila.

Íslensk fyrirtæki eru engir eftirbátar annarra landa þegar kemur að fjárfestingum í Frakklandi. Þar hafa fjölmörg þeirra starfsemi. Má þar nefna matvælafyrirtækin Alfesca, Marel, Icelandic Group og Bakkavör, Eimskipafélagið, Icelandair og stoð- og stuðningstækjaframleiðandann Össur.

Árið 2005 keypti Landsbankinn franska veðbréfafyrirtækið Kepler, stuttu eftir að Patrice tók við stöðu framkvæmdastjóra Fransk-íslenska viðskiptaráðsins. Hann varð var við að kippur kom í viðskipti milli landanna einmitt um það leyti. Þá segir hann áhuga Frakka á íslenska markaðnum hafa aukist.

Opinberar tölur styðja þetta. Árið 2006 nam innflutningur frá Frakklandi til Íslands tæpum tólf milljörðum króna. Það var þrjátíu prósentum meira en árið 2005. Viðskiptin jukust einnig um rúmlega þrjátíu prósent milli ára 2004 og 2005. Mikill hluti franskra vara er fluttur inn í gegnum önnur lönd og kemur því ekki fram í innflutningstölum. Heildarinnflutningur er því töluvert meiri en opinberar tölur gefa til kynna.

Útflutningur frá Íslandi til Frakklands dróst saman milli ára 2005 og 2006. Þá nam hann tæpum tíu milljörðum króna. Árið 2006 markaði tímamót fyrir viðskipti milli Íslands og Frakklands. Í fyrsta sinn í meira en tíu ár var vöruskiptahallinn Frökkum hagstæður.

### LÍFSEIGAR KLISJUR UM FRAKKLAND

Patrice segir að ýmsar hugmyndir fólks í garð frönsku þjóðarinnar eigi sér engar stóðir í raunveruleikanum. Margir haldi því fram að franski markaðurinn sé lokaður, illa sam-

### FRAKKLAND

Mannfjöldi: 62 milljónir  
Hagvöxtur: 2,0 prósent  
Verðbólga: 1,5 prósent  
Atvinnuleysi: 8,7 prósent  
Gjaldmiðill: 1 evra = 88 krónur  
Heimild: CIA World Fact Book.  
Bráðabirgðatölur fyrir árið 2006.

### FRÓÐLEIKSMOLAR

#### Í Frakklandi ...

... tekur fólk alla jafna tveggja tíma hádegishlé. Vinnudagurinn er hins vegar yfirleitt langur og framleiðni vinnuafis há.

... tala 65 prósent fólks undir þrítugu ensku og níutíu prósent þeirra sem hafa háskólagráðu.

... er vinnandi fólk hreint ekki svo oft í verkefali, þótt staðalmyndin gefi það til kynna. Sextán dagar tapast árlega á þúsund íbúa vegna verkefala, í samanburði við 34,7 í Bretlandi.

keppnishæfur, þar sé flókið að stofna fyrirtæki og, síðast en ekki síst, vinnumarkaðurinn sé hryllilegur. Þetta segir hann allt saman byggt á sleggjudómum. Franski markaðurinn sé þvert á móti opin fyrir erlendum áhrifum. Hann sé einn stærsti útflytjandi vara og þjónusta heims og því vel samkeppnishæfur.

Patrice gefur líka lítið fyrir lífsgeiga ímynd um hryllilegan vinnumarkað, þar sem starfsmenn eyði stórum hluta tíma síns í hádegismat að plotta um hvenær eigi næst að fara í verkfall. „Þetta er rangt,“ segir hann.

„Vissulega taka Frakkar langan hádegismat. En þeir vinna líka langan vinnudag og þurfa orkuna.“

Framleiðni vinnuafis er mun hærri í Frakklandi en á Íslandi og sú fjórða mesta í heiminum.

### FRÖNSK MENNINGARVEISLA Í FULLUM GANGI

„Pourquoi Pas? – Franskt vor á Íslandi“ er mikil menningarveisla sem nú stendur sem hæst. Fransk-íslenska viðskiptaráðið stendur fyrir veislunni í samráði við menntamálaráðuneytið, franska sendiráðið og Culturesfrance. Patrice ber franska sendiherrann á

Íslandi, Nicole Michelangeli, vel söguna. Segir hann hana hafa staðið sig stórkostlega við skipulagningu hátíðarinnar, ekki síst við að sannfæra frönsk fyrirtæki og listamenn um að taka þátt í viðburðinum.

Fjölmörg íslensk og frönsk fyrirtæki koma að hátíðinni á margvíslegum vettvangi. Hvenær sem Íslendingum hugnast að brjóta upp hversdagsmunstrið á næstu mánuðum geta þeir treyst á Frakkana. Hátíðinni lýkur nefnilega ekki fyrr en í maí. Gildir það jafnt um unndur dans, tónlistar, bókmennta, vísinda, myndlistar, kvikmynda og götulistar. Jafnvel verða atriði í boði sem ekki rúmast í þessa flokka. Hinn 12. apríl verður haldin ráðstefna um viðskipti milli Íslands og Frakklands. Þar verða kostir og verðleikar Frakklands fyrir bein-án íslenskan útflutning og íslenskar fjárfestingar kynntir. Á vefsíðunni [www.pourquoiipas.is](http://www.pourquoiipas.is) má nálgast dag-skrá og fræðast frekar um hátíðina.

LÍTUR VEL ÚT  
**SANTAFE**

BRANLAG ÍSLENSKA  
**BÍLL**  
ÁRSINS  
2007  
BÍLABLADAMANNA

### Bíll ársins 2007 í flokki jeppa og jepplinga

Hyundai kynnr nýja kynslóð **stærri sportjeppa**, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíll í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Pitt er valið.

Verð frá kr. 3.740.000

Hlaðinn staðalbúnaði  
Komdu í reynsluakstur



Bíll á mynd: Santa Fe GLS lux, 2,2 dísel - 7 manna.

**HYUNDAI** hefur gæðin



# REYKJAVÍK SÍÐDEGIS

16-18.30 ALLA VIRKA DAGA Á BYLGJUNNI

HLUSTAR ÞÚ Á VINSÆLASTA SÍÐDEGISPÁTT LANDSINS?

Reykjavík síðdegis er vinsælasti síðdegispáttur landsins samkvæmt nýjustu hlustendakönnun Capacent - Gallup.

**BYLGJAN**  
989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!







## BANKA HÓLFID

### Skotarnir seinir til

Frændur okkar hjá Royal Bank of Scotland hafa skikkað starfsmenn sína til að opna launareikning hjá bankanum. Fjölmíðlar í Bretlandi segja starfsmenn bankans, sem kjósa að halda launareikningi sínum opnum hjá samkeppnisaðilum, eiga yfir höfði sér áminningu. Starfsmenn Royal Bank of Scotland hafa brugðist heldur illa við þessari ósk yfirstjórnarinnar og hafa í tíma og ótíma kvartað til verkafélagsmanna vegna málsins.

Þótt þetta þyki nokkur nýlunda í Skotlandi er raunin önnur hér því heyrst hefur að vænst sé til þess að starfsmenn flestra fjármálafyrirtækja hér hafi launareikning sinn hjá launaveitandanum. Annað væri nú undarlegt.

### Forgengileiki hamingjunnar

Í nýjasta tölublaði Vísbandingar veltir ritstjóri blaðsins fyrir sér afdrifum þeirra sem ná árangri í lífinu, hvort árangurinn kunni að draga úr fólki kraft eða hafa jafnvel neikvæð áhrif síðar á æviskeiðinu. Þannig virðist eftirlaunafrumvarp þingmanna benda til að þeir eigi erfitt með að fá góða vinnu að þingmennsku afstaðinni. Velt er upp spurningunni hvort það sama eigi við í viðskiptum. „Margir eru kannski „kalnir á hjarta“ eftir að hafa náð (eða ekki náð) á tindinn. En þeir eiga þó oft peningana eftir. Og líklega er skárri að vera ríkur og dapur en fátækur og dapur.“

### Engin kreppa hjá VR

VR hefur ákveðið að lækka félagsgjöld félagsmanna úr einu prósentu af heildarlaunum í 0,7 prósent hinn 1. júlí næstkomandi eftir að aðalfundur samþykkti tillögu þess efnis. Þetta er gert í kjölfar þess methagnaðar sem varð á rekstri VR í fyrra en félagið hagnaðist þá um 980 milljónir, eða um 38 þúsund krónur á hvern félagsmann. „Lækkun félagsgjaldsins til framtíðar er því liður í því að láta félagsmenn njóta þessarar góðu rekstrarafkomu,“ segir í frétt frá VR. Gaman verður að sjá hvort önnur stéttarfélög skili jafngóðu búi og VR fyrir nýliðið starfsár og hvort atvinnurekendur krefjist sambærilegra lækkana við gerð næstu kjarasamninga. Þeir greiða nú 1,4 prósentu mótframlag til VR.

**80%** forráðamanna fyrirtækja telja aðstæður í efnahagslífinu fara batnandi samkvæmt nýlegri könnun.

**AAA** láns hæfiseinkunn bankanna, sem matsfyrirtæki Moody's mun væntanlega lækka fljótlega, er út úr kortinu að mati Ólafs Ísleifssonar, lektors við HR.

**57%** umfræftirspurn í hlutafjárútbóði Teymis á föstudag þar sem hlutir voru seldir fyrir fjóra milljarða króna.

# Skrifstofuhúsgögn

Beyki

....á miklu betra verði !



Hnota



Hæðarstillanleg skrifborð frá kr. 31.300

Kirsuber



Hlynur



Samstæðan kr. 56.400

Dönsku Prima línunni má raða saman á ótal vegu. Niðsterk og endingargóð húsgögn á mjög góðu verði, til afhendingar strax.

# Hirzlan

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

[www.hirzlan.is](http://www.hirzlan.is)

## Langflottastur!



SPRON Verðbréf  
Peningamarkaðssjóður SPRON  
**15,2% ávöxtun\***

**SPRON**  
VERÐBRÉF

\*Nafnvöxtun á ársgrundvelli frá 01.09.2006 til 01.03.2007.